

ÁRSSKÝRSLA 2015-2016



Krabbameinsfélagið

Ársskýrsla 2015-2016

Lögð fram á aðalfundi
Krabbameinsfélags Íslands
14. maí 2016

Efni

Merkur áfangi (formáli forstjóra)	4
Stjórn og skipurit	6
Reikningar	7
Rekstrarsvið	17
Markaðsmál og fjáröflun	18
Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins	21
Íbúðirnar á Rauðarárstíg	25
Krabbameinsskráin	26
Leitarstöð Krabbameinsfélagsins	32
Frumurannsóknastofa	36
Aðalfundur 2015	37
Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands	39
Lög Krabbameinsfélags Íslands	69

Á kápu eru myndir af vökvásýnum á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélagsins.
Ljósmyndirnar tók Ómar Óskarsson.

Merkur áfangi

Samkvæmt nýrri könnun Miðlunar þar sem spurt var til hvaða félaga fólk bæri mest traust er Krabbameinsfélag Íslands í öðru sæti á eftir Landsbjörgu. Krabbameinsforvarnir og stuðningur við krabbameinssjúka er meðal þeirra þriggja málefna sem fólk hefur mestan hug á að styrkja. Ásamt góðu starfsfólki felst auður Krabbameinsfélags Íslands í því trausti og þeirri velvild sem félagið nýtur. Starfsmenn skynja vel þá ábyrgð sem þessu trausti og velvild fylgir og leggja ríka áherslu á að starfsemin sé bæði fagleg og traust.

Nýlega urðu velunnarar félagsins fleiri en 15.000, einstaklingar á öllum aldri sem styðja mánaðarlega við starfsemina. Opinberir aðilar, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar styðja starfsemina bæði með beinum fjárframlögum í tengslum við söfnunarherferðir eða í gegnum samstarfsverkefni. Krabbameinsfélagið er þakklátt fyrir traust og velvild sem gerir félaginu kleift að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.

Vísindasjóður Krabbameinsfélagsins var formlega stofnaður í desember 2015 með rúmlega 250 milljóna króna stofnfé og reiknað er að fyrsta úthlutun úr sjóðnum verði á þessu ári. Stjórn sjóðsins getur ráðstafað allt að 10% af höfuðstól hans á hverju ári í rannsóknastyrki auk tekna sjóðsins á liðnu starfsári. Þetta er eitt stærsta átak sem Krabbameinsfélag Íslands hefur ráðist í síðustu ár og er þess vænst að styrkir sjóðsins muni hleypa nýju lífi í krabbameinsrannsóknir hér á landi.

Í desember 2015 fól heilbrigðisráðherra Krabbameinsfélagi Íslands að hefja undirbúning að skipulegri leit að krabbameini í ristli og endaparmi hjá aldurshópnum 60–69 ára og er stefnt að því að leit geti hafist í byrjun næsta árs. Markmiðið er að leitin nái til aldurshópsins 50–74 ára í framtíðinni. Veitti ráðherra 25 milljónum til Krabbameinsfélagsins í þessum tilgangi. Krabbameinsfélag Íslands tók að sér að greiða 20 milljónir króna til viðbótar en hluti þess fjár fæst frá tryggingafélaginu Okkar líf sem veitir Krabbameinsfélaginu veglegan styrk, annað árið í röð. Ákvörðun ráðherra er merkur áfangi í margra ára baráttumáli félagsins.

Ný heimasíða Krabbameinsfélagsins var tekin í notkun 4. febrúar 2016 og var í því samhengi allt efni gömlu heimasíðunnar endurskoðað og uppfært. Nýja síðan er bæði aðgengilegri og notendavænni en sú gamla og nýtist bæði snjallsímum og spjaldtölvum.

Í október og nóvember var gerð starfsánægjukönnun meðal starfsmanna með spurningalista í tölvupósti og var svarhlutfall 87%. Starfsánægja var nokkuð ólík eftir deildum. Þó starfsánægja sé aðallega á ábyrgð stjórnenda þá berum við öll einhverja ábyrgð á starfsumhverfi okkar. Slík könnun gefur stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að sjá hvar úrbóta er þörf. Þrír hópar starfsfólks hafa fengið það verkefni að skoða ákveðna þætti starfsánægjukönnunarinnar og koma með tillögum til úrbóta.

Starfsemi Krabbameinsfélagsins hefur verið með hefðbundnum hætti sl. starfsár. Forsvarsmenn hvers sviðs gera grein fyrir starfsemi þeirra í sínum ársskýrslum og verður það ekki túndað hér.

Framtíðarlífeyrisskuldbindingar Krabbameinsfélagsins jukust mikið á árinu. Að gefnum ákveðnum forsendum og óbreyttum rekstri mun félagið ganga mikið á eigið fé á allra næstu árum ef ekki fæst viðundandi lausn á lífeyrisskuldbindingum.

Hafin er heildarendurskoðun á núverandi rekstri þar sem meginreglan er sú að það sem skapar kostnað ber hann og það sem skapar tekjur fær þær. Með þessu er vonast til að stjórn og stjórnendum Krabbameinsfélagsins verði betur gert kleift að taka ákvarðanir varðandi starfsemina. T.d. er hluti núverandi húsnæðis lítið nýttur eða illa nýttur.

Krabbameinsfélagið stendur frammi fyrir krefjandi verkefnum á næstu misserum. Fræðsla sem stuðlar að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameinsvarnir er einn megintilgangur í starfsemi félagsins. Marka þarf skýra stefnu varðandi samstarf Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinfélags Reykjavíkur á sviði fræðslustarfsemi og fjármögnun hennar. Skoða þarf möguleika á bættri nýtingu húsnæðis í Skógarhlíð

og endurskoða þörf á rekstri íbúða í eigu félagsins með tilkomu nýs sjúkrahótel Landspítala. Finna þarf lausn á framtíðarlífeyrisskuldbindingum félagsins.

Skipuleg leit að krabbameini í ristli og endaþarmi er eitt stærsta verkefni sem Krabbameinsfélagið hefur tekist á herðar undanfarin ár. Þetta og önnur starfsemi Krabbameinsfélagsins er möguleg vegna framlags íslensku þjóðarinnar og þess trausts sem félagið nýtur. Meðan þess stuðnings nýtur getur Krabbameinsfélagið veitt þá þjónustu sem það sendur fyrir.

Að lokum er fráfarandi forstjóra, stjórnarformanni, stjórnarmönnum, samstarfsfólki, samstarfsaðilum og öllum þeim sem veitt hafa Krabbameinsfélaginu stuðning á einn eða annan hátt á árinu þakkað gott samstarf og velvild í garð félagsins.

Kristján Oddsson, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn og skipurit

Verndari Krabbameinsfélags Íslands:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands 2015-2016:

Aðalmenn:

Jakob Jóhannsson læknir, formaður

Stefán Eiríksson lögfræðingur, varaformaður

Sigurður P. Sigmundsson viðskiptafræðingur, gjaldkeri

Hulda Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, ritari*

Árni Einarsson uppeldisfræðingur, meðstjórnandi

Friðrik Vagn Guðjónsson, meðstjórnandi

Jón Þorkelsson viðskiptafræðingur, meðstjórnandi

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2008)

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2010)

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2009)

(kjörtímabil 2015-2017, fyrst kosin 2013)

(kjörtímabil 2015-2017, fyrst kosinn 2014)

(kjörtímabil 2015-2017, fyrst kosinn 2011)

(kjörtímabil 2014-2016, fyrst kosinn 2013)

Varamenn:

Ingunn Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur

Valgerður Sigurðardóttir læknir *


(kjörtímabil 2015-2016, fyrst kosin 2015)

(kjörtímabil 2015-2016, fyrst kosinn 2015)

Forstjóri:

Ragnheiður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur til ársloka 2015 og síðan Kristján Oddsson.

* Hulda sagði sig úr stjórn í júní og Valgerður tók sæti sem aðalmaður í hennar stað.



Reikningar

Frá Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 2015

		2015	2014
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Skoðanagjöld		163.371.337	162.068.469
Samningur við Ríkissjóð vegna leitar		365.775.004	342.200.000
Fjárveiting frá Ríkissjóði		32.791.000	27.700.000
Fjáröflunarverkefni		350.386.269	297.683.882
Aðrar tekjur		55.084.441	39.542.102
		<u>967.408.051</u>	<u>869.194.453</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	371.622.254	340.288.127
Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar	4	119.611.288	32.046.208
Aðkeypt heilbrigðisþjónusta		62.835.821	46.551.357
Aðkeypt önnur þjónusta		144.914.940	145.757.660
Húsnæðiskostnaður		41.608.441	36.060.989
Styrkir		79.628.831	63.121.222
Annar rekstrarkostnaður	5	142.762.071	144.630.783
Afskrifað af rekstrarfjármunum	6	55.650.129	56.995.076
		<u>1.018.633.775</u>	<u>865.451.422</u>
Afkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(51.225.724)	3.743.031
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur		54.531.824	16.017.135
Vaxtagjöld, banka- og innheimtukostnaður		(930.226)	(681.401)
		<u>53.601.598</u>	<u>15.335.734</u>
Tekjuafgangur		<u><u>2.375.874</u></u>	<u><u>19.078.765</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir		2015	2014
	Skýr.		
Fastafjármunir			
Skógarhlíð 8	6	510.842.563	503.380.698
Rauðarárstígur 33	6	85.926.011	87.691.122
Áhöld, tæki og annar búnaður.....	6	195.410.365	231.877.032
Fastafjármunir samtals		<u>792.178.939</u>	<u>822.948.852</u>
Fjáreignir			
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu	7	<u>526.042.510</u>	<u>470.044.530</u>
Fjáreignir samtals		<u>526.042.510</u>	<u>470.044.530</u>
Veltufjármunir			
Ýmsir skuldunautar og aðrar eignir		66.427.709	61.507.833
Handbært fé		<u>409.173.732</u>	<u>244.917.718</u>
Veltufjármunir samtals		<u>475.601.441</u>	<u>306.425.551</u>
Eignir samtals		<u><u>1.793.822.890</u></u>	<u><u>1.599.418.933</u></u>

31. desember 2015

Eigið fé og skuldir

		2015	2014
	Skýr.		
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	9	593.313.420	590.937.546
Eigið fé samtals		593.313.420	590.937.546
 Skuldbindingar og langtímalán			
Langtímalán	10	4.230.870	4.318.953
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	11	822.819.659	735.810.737
Skuldbindingar og langtímalán samtals		827.050.529	740.129.690
 Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		152.522.117	150.378.343
Næsta árs afborgun langtímalána	10	301.161	292.810
Aðrar skammtímaskuldir		220.635.663	117.680.544
Skammtímaskuldir samtals		373.458.941	268.351.697
Skuldir samtals		1.200.509.470	1.008.481.387

Skuldir og eigið fé samtals

1.793.822.890

1.599.418.933

Sjóðstreymi 2015

		2015	2014
Handbært fé frá rekstri	Skýr.		
Samkvæmt rekstrarreikningi		2.375.874	19.078.765
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	6	55.650.129	56.995.076
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	11	87.008.922	4.396.485
Reiknaðar verðbætur langtímalána		238.508	196.755
Reiknaðar verðbætur á verðbréf.....	7	<u>(56.646.562)</u>	<u>(10.806.416)</u>
Hreint veltufé frá rekstri		88.626.871	69.860.665
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Lækkun (aukning) viðskiptakrafna		(4.919.876)	(11.243.010)
(Lækkun) aukning viðskiptaskulda		<u>105.098.893</u>	<u>94.920.844</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>100.179.017</u>	<u>83.677.834</u>
Handbært fé frá rekstri		188.805.888	153.538.499
Fjárfestingarhreyfingar			
Framkvæmdir við fasteign o.fl.....	6	<u>(24.880.216)</u>	<u>(132.862.158)</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(24.231.634)</u>	<u>(132.862.158)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána		<u>(318.240)</u>	<u>(286.614)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(318.240)</u>	<u>(286.614)</u>
Breyting á handbæru fé á árinu		164.256.014	20.389.727
Handbært fé í ársbyrjun		<u>244.917.718</u>	<u>224.527.991</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>409.173.732</u></u>	<u><u>244.917.718</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Krabbameinsfélag Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur félagsins að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem eru færðar á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi þess dags sem gangvirði var ákvarðað.

Verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2016. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu stofnverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrningun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 6.

Skýringar

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Mat á gangvirði miðast við síðasta skráða kaupgengi á reikningsskiladegi þegar til er virkur markaður með viðkomandi eign. Markaður telst virkur ef hægt er að nálgast opinbert verð frá kauphöll eða öðrum aðilum og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila. Þegar virkur markaður er ekki til staðar er gangvirði viðkomandi fjárfestingar reiknað út með almennum viðurkenndum matslíkönum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður aðrar en þær sem eru hluti af fjárvörslusamningum.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

	2015	2014
Laun	304.834.202	274.495.828
Launatengd gjöld	66.788.052	65.792.299
	<u>371.622.254</u>	<u>340.288.127</u>

Í árslok voru starfsmenn félagsins 59 í 44 stöðugildum, samanborið við 58 starfsmenn í 46 stöðugildum árið áður. Laun stjórnenda námu 74,1 milljónum króna á árinu, en um 65,9 milljónum króna árið áður. Stjórn félagsins þiggur ekki laun fyrir sín störf.

4. Lífeyrisgreiðslur og hækkun lífeyrisskuldbindingar

	2015	2014
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	87.008.922	4.396.485
Greiddur lífeyrir	32.602.366	27.649.723
	<u>119.611.288</u>	<u>32.046.208</u>

Lífeyrisskuldbinding félagsins er færð sem 55,5 - 59,6% af fullum réttindum. Nánar er gerð grein fyrir skuldbindingu félagsins í skýringu nr. 11.

Skýringar

5. Annar rekstrarkostnaður

	2015	2014
Rekstur áhalda og tækja	14.086.601	48.955.146
Skrifstofukostnaður	27.185.662	26.587.550
Stjórnun og umsýsla	25.295.165	23.438.247
Vörunotkun	62.292.143	38.242.749
Annar kostnaður	13.902.500	7.407.091
	<u>142.762.071</u>	<u>144.630.783</u>

6. Varanlegir rekstarfjármunir

	Skógarhlíð 8	Rauðarár- stígur 33	Áhöld tæki og annar búnaður
Heildarverð í ársbyrjun	703.003.865	98.061.713	438.858.874
Viðbót á árinu	24.880.216	0	0
Heildarverð í árslok	<u>727.884.081</u>	<u>98.061.713</u>	<u>438.858.874</u>
Afskrifað áður	199.623.167	10.370.591	206.981.842
Afskrifað á árinu	17.418.351	1.765.111	36.466.667
Afskrifað í árslok	<u>217.041.518</u>	<u>12.135.702</u>	<u>243.448.509</u>
Bókfært verð í árslok	<u>510.842.563</u>	<u>85.926.011</u>	<u>195.410.365</u>
Fyrningahlutföll	2,0%	2,0%	10 - 15%

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Vátrygginga- verðmæti	Bókfært verð
Skógarhlíð 8	411.357.500	587.435.000	510.842.563
Rauðarárstígur 33, 8 íbúðir	128.525.000	98.905.000	85.926.011
	<u>539.882.500</u>	<u>686.340.000</u>	<u>596.768.574</u>

7. Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu

Fjáreignir Krabbameinsfélags Íslands samanstanda af bankareikningum, verðbréfum og öðrum eignum í fjárvörslu sem bókfærðar eru við markaðsverði í árslok.

	2015	2014
Bankareikningar	8.998.993	27.655.468
Hlutabréf	19.207.195	13.209.586
Skuldabréf	171.093.275	112.954.595
Eignastýringarsjóðir	326.743.047	316.224.881
	<u>526.042.510</u>	<u>470.044.530</u>

Skýringar

Breyting verðbréfaeignar og eigna í fjárvörslu greinist þannig:

	2015	2014
Verðbréf og aðrar eignir í fjárvörslu í ársbyrjun	470.044.530	459.238.114
Aukning (úttekt) fjármuna í fjárvörslu	(648.582)	0
Ávöxtun ársins.....	56.646.562	10.806.416
	<u>526.042.510</u>	<u>470.044.530</u>

8. Veltufjármunir

Ýmsir skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar við nafnverði að teknu tilliti til óbeinnar niðurfærslu. Óbein niðurfærsla krafna nemur kr. 2.490.400 í árslok.

9. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	2015	2014
Óráðstafað frá fyrra ári	590.937.546	571.858.781
Hagnaður (tap) ársins	2.375.874	19.078.765
	<u>593.313.420</u>	<u>590.937.546</u>

10. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán	4.532.031
Næsta árs afborgun	(301.161)
	<u>4.230.870</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2016	301.161
Afborganir 2017	301.161
Afborganir 2018.....	301.161
Afborganir 2019.....	301.161
Afborganir 2020.....	301.161
Afborganir síðar	3.026.226
	<u>4.532.031</u>

Langtímaskuld félagsins er lán frá Íbúðarlánasjóði, með veði í fasteign félagsins að Rauðarárstíg 33. Lánið ber 4,9% vexti.

Skýringar

11. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingastærðfræðingur reiknaði út lífeyrisskuldbindingar félagsins miðað við árslok 2015. Miðað er við 2% reiknivexti og nýjar lífslíkur, byggðar á reynslu árána 2007 - 2011. Útreikningurinn gerir ráð fyrir að 55,5% af áfallinni skuldbindingu vegna LSR B-deildar falli á félagið og 59,6% af áfallinni skuldbindingu vegna LH falli á félagið. Miðað er við 2% vexti og skiptast lífeyrisskuldbindingar þannig í árslok.

	2015	2014
Vegna ellilífeyris	730.005.602	655.239.462
Vegna makalífeyris	81.376.864	69.386.952
Vegna örorkulífeyris	11.437.193	11.184.323
	<u>822.819.659</u>	<u>735.810.737</u>
Vegna núverandi starfsmanna	122.682.411	130.238.500
Vegna fyrrverandi starfsmanna	210.559.551	212.134.235
Vegna lífeyrisþega	489.577.697	393.438.002
	<u>822.819.659</u>	<u>735.810.737</u>

Tryggingastærðfræðingur tekur fram að útreikningur þessi byggir á forsendum, sem eru um margt háðar óvissu og þess vegna er niðurstaðan einnig óvissu bundin.

Rétt er að taka fram að þessi framsetning, þ.e. að færa lífeyrisskuldbindingarnar í ársreikning félagsins, felur ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á því að skuldbindingarnar tilheyri félaginu, en að álitni stjórnenda félagsins tilheyra skuldbindingarnar íslenska ríkinu, en ekki félaginu.

Á undanförunum árum hafa stjórnendur félagsins rætt þessi sjónarmið sín við forsvarsmenn íslenska ríkisins, með það fyrir augum að íslenska ríkið taki með formlegum hætti skuldbindingarnar yfir. Í ljósi þess að félaginu hefur enn ekki orðið nægjanlega ágengt í viðræðum sínum við opinbera aðila, eru skuldbindingarnar færðar í ársreikninginn.

Lífeyrisskuldbindingar skiptast þannig á deildir félagsins í árslok.

	2015	2014
Leghálskrabbameinsleit	214.393.418	194.633.174
Frumurannsóknarstofa	165.650.423	151.442.523
Brjóstakrabbameinsleit	68.660.666	59.418.419
Röntgendeild	46.471.572	41.484.071
Krabbameinsskrá	41.011.222	36.678.974
Tölvinnustofa	31.833.920	26.232.819
Heilbrigðismál	37.948.093	33.314.480
Skrifstofa og stjórnun	86.837.716	76.510.939
Rannsóknastofa.....	80.431.431	69.729.961
Heimahlýnning	29.162.968	27.302.382
Ráðgjöf	508.423	444.912
Félagastarfsemi	19.909.807	18.618.083
	<u>822.819.659</u>	<u>735.810.737</u>

Skýringar

Breyting lífeyrisskuldbindinga á árinu greinist þannig á deildir

	2015	2014
Leghálskrabbameinsleit	19.760.244	(3.722.235)
Frumurannsóknarstofa	14.207.900	5.873.682
Brjóstakrabbameinsleit	9.242.247	1.314.463
Röntgendeild	4.987.501	2.285.366
Krabbameinsskrá	4.332.248	1.475.874
Tölvinnustofa	5.601.101	2.043.685
Heilbrigðismál	4.633.613	1.994.449
Skrifstofa og stjórnun	10.326.777	(14.166.546)
Rannsóknarstofa.....	10.701.470	3.557.473
Heimahlýning	1.860.586	1.713.752
Ráðgjöf	63.511	41.737
Félagastarfsemi	1.291.724	1.984.785
	<u>87.008.922</u>	<u>4.396.485</u>

Rekstrarsvið

Í árslok 2015 störfuðu sjö starfsmenn á rekstrarsviði Krabbameinsfélags Íslands. Undir rekstrarsvið heyra skrifstofa, tölvudeild og mötuneyti.

Skrifstofa. Á skrifstofu starfa fimm starfsmenn. Meginverkefni skrifstofu eru fjármálastjórn, starfsmanna-stjórn, launavinnsla, innheimtur, bókun reikninga, greiðsla reikninga, móttaka, símvarsla og umsjón með minningakortum ásamt ýmsum sérverkefnum og samningamálum.

Mötuneyti. Matráður félagsins hefur umsjón með mötuneyti félagsins og sér um veitingar fyrir fundi tengda starfsemi félagsins þegar að á við.

Tölvudeild. Í tölvudeild starfar einn starfsmaður og aðalviðfangsefni hans þjónusta við aðrar deildir félagsins á sviði vélbúnaðar og hugbúnaðar.

Helgi Björnsson.

Kynningarmál og fjáröflun

Megintilgangur kynningar- og fjáröflunar sviðs er að standa að kynningu á starfsemi félagsins, styrkja ímynd þess og efla fjáröflunarleiðir. Undir sviðið fellur öll fjáröflun sem stunduð er undir vörumerki félagsins, að undanskildu happadrætti Krabbameinsfélagsins. Kynningar- og fjáröflunarstjóri ber ábyrgð á ímynd og virði vörumerkis Krabbameinsfélagsins, auk Bleiku slaufunnar og Mottumars.

Kynningar- og fjáröflunar svið hefur umsjón með ýmsum samskiptum við fjölmiðla fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands og birgja eða samstarfsaðila er tengjast kynningar- og fjáröflunarmálum. Sviðið annast umsjón og rekstur á vefsíðum Krabbameinsfélagsins sem og svæðum félagsins á samfélagsmiðlum.

Verkefni 2015

Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins var haldið þann 4. júní. Eins og áður var boðið upp á 3 km og 10 km hlaup. Rúmlega 550 manns tóku þátt í hlaupinu. Tími var mældur hjá öllum og úrslit voru birt á vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Fjöldmörg útdráttarverðlaun voru í boði og margir styrktaraðilar lögðu félaginu lið. Félag Zumbakennara sá um upphitun og Elísabet Margeirsdóttir langhlaupari og næringarfræðingur ræsti hlaupið.

Reykjavíkumaraþonið fór fram 22. ágúst 2015 og hlupu 258 manns til góðs fyrir Krabbameinsfélagið. Krabbameinsfélagið var með bás í Laugardalshöll þegar keppendur náðu í keppnisnúmerin sín og kynntu starf félagsins og seldu valdar vörur. Fjórir starfsmenn Krabbameinsfélagsins mættu síðan niður í bæ á sjálfan hlaupadaginn og settu upp hvatningarstöð með lúðrum og tilheyrandi látum.

Ný vefsíða Krabbameinsfélagsins var tekin í notkun 4. febrúar 2016, á alþjóðlega krabbameinsdeginum (World Cancer Day) eftir rúmlega árs undirbúning. Vefstofan Hugsmiðjan vann verkefnið með Krabbameinsfélaginu og tekin var ákvörðun um að nota Eplica vefumsjónarkerfið. Fjöldmargir komu að undirbúning nýja vefsins og var um 95% af efninu á gamla vefnum endurnýjað. Lára G. Sigurðardóttir fræðslustjóri, Sigrún Lillie Magnúsdóttir, Kristján Oddsson, Sigríður Þorsteinsdóttir og fleiri unnu að því að uppfæra allt fræðsluefni og sáu Jónas Ragnarsson og Guðlaug Birna Guðjónsdóttir um yfirlestur efnisins.

Vefurinn hefur verið gerður nútímalegri, einfaldari og aðgengilegri fyrir notendur og var unnið útfrá Google Analytics við uppbyggingu hans en það kerfi sýnir hvað fólk er raunverulega að skoða eða leita að á vefnum. Gerð var vefstefna til að tryggja gæði og yfirlestur á öllu efni. Önnur mikilvæg breyting er að nú er vefurinn aðgengilegur í snjallsímum og snjalltölvum.

Vefverslun Krabbameinsfélagsins var einnig færð yfir í nýtt útlit og hefur fólk sýnt henni mikinn áhuga. Almenn ánægja er með að geta styrkt félagið með kaupum á vönduðum vörum í vefversluninni.

Hautsala aðildarfélaganna fór fram dagana 2.-9. september og tóku 10 svæðafélög þátt. Seldir voru innkaupapokar og pennar merktir Krabbameinsfélaginu. Vörurnar voru meðal annars seldar fyrir utan verslanir og verslunarmiðstöðvar og til fyrirtækja.

Globeathonhlaupið sem er alþjóðlegt átak til að vekja athygli á krabbameini í kvenlíffærum var haldið í byrjun september og hefur þátttakan aukist ár frá ári. Sigurlaug Gissurardóttir vefstjóri og markaðsfulltrúi Krabbameinsfélagsins hefur undanfarin tvö ár aðstoðað LÍF styrktarfélag fyrir hönd Krabbameinsfélagsins við skipulagningu og undirbúning hlaupsins. Sú upphæð sem hefur safnast inn í þessu verkefni hefur öll runnið til LÍF styrktarfélags sem styrkir kvennadeild Landspítalans með ýmsum hætti.

Bleika slaufan

Tilgangur Bleiku Slaufunnar 2015 var sem fyrr að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameinum hjá konum með sérstaka áherslu þetta árið á mikilvægi þess að koma af stað skipulagðri leit að krabbameini í ristli. Fjáröflunin var fyrst og fremst sala á bleiku slaufunni og styrkir frá ýmsum samstarfsaðilum. Einnig var lögð aukin áhersla á sölu á vörum í gegnum vefverslun Krabbameinsfélagsins.

Bleika slaufan 2015 var hönnuð af Erling Jóhannessyni gullsmið hjá Erling Design hjá Kraum í Aðalstræti. Erling vann hönnunarsamkeppni sem haldin var í samstarfi við Félag íslenskra gullsmiða en þetta var þriðja árið sem samkeppni um hönnun bleiku slaufunnar var haldin í samstarfi við félagið.

Skilaboðin voru einföld: „Hjálpaðu okkur að hefja skipulega leit að ristilkrabbameini.“ „Árlega deyja 52 einstaklingar af völdum ristilkrabbameins – það er einn í hverri viku!“ Við mynduðum hópa af 52 einstaklingum – lögreglumenn, fiskvinnslufólk, hjólafólk og listamenn. Ari Magg, ljósmyndari, bauðst til að taka myndirnar, sem heppnuðust einstaklega vel og voru gríðarlega áhrifaríkar.

Eins og alltaf var fræðslan og árveknin eitt megininntak átaksins. Í því sambandi var ákveðið að flytja inn 25 metra langan ristil sem var fenginn að láni frá Þýskalandi. Ristillinn var mannhæðar hár og markmiðið að fólk myndi leggja leið sína í gegnum ristilinn og sjá þannig með eigin augum hvernig ristilkrabbamein þróast frá frumstigi yfir í illkynja sepa, auk skilaboða um hvað megi gera til að stemma stigu við krabbamein í ristli – með forvörnum. Risaristillinn var meðal annars settur upp í Smáralind og á Háskólatorgi. Óhætt er að fullyrða að fjöldi manns fór í gegnum hann í mánuðinum og hann kom mjög sterkur inn í fræðslustarfið.

Verkefni 2016

Mottumars

Aðaláherslur Mottumars 2016 voru fræðsla og forvarnir og þá sérstaklega vegna krabbameins í blöðruhálskirtli hjá karlmönnum 50 ára og eldri. Markmið átaksins var að fá sem flesta, sérstaklega karlmenn 50 ára og eldri, til að kynna sér fræðsluefnið. Skilaboðin í ár voru „Ert þú að farast úr karlmennsku? Þekktu einkennin. Það er ekkert mál.“ Þessi skilaboð voru valin til að minna karlmenn á að fylgjast með einkennum og bregðast við í stað þess að harka af sér.

Mottumars hófst með björgunarleiðangri út í varðskipið Þór. Fulltrúum SFS og fulltrúum Lions, Rótary, Oddfellow og Kiwanis var boðið í varðskipið til að taka á móti björgunarboxi Mottumars. Þyrla Landhelgisgæslunnar flaug með boxið í varðskipið og Kristján Oddsson seig með boxið úr þyrlunni. Fréttastofa RÚV og Stöðvar 2 voru á staðnum auk blaðaljósmyndara.

Yfirlit yfir helstu verkefni félagsins í Mottumars 2016:

Fimm stutt teiknuð myndbönd um blöðruhálskirtilskrabbamein; orsakir, einkenni, greiningu og meðferð. Myndböndin voru birt um 50.000 sinnum hjá karlmönnum 40 ára og eldri á Facebook og voru birt samtals 41 sinnum á Stöð 2.

Tólf stutt myndbönd með svörum þvagræskurðlækna við algengum spurningum um krabbamein í blöðruhálskirtli.

Útbúin og send um 400 björgunarbox með samtals um 20.000 fræðslubæklingum og 400 minnskubbum sem innihalda fræðslumyndbönd til áhafna skipa, félagasamtaka og klúbba og fyrirtækja.

Taktu prófið! Próf á netinu um þekkingu á átta mikilvægum atriðum um krabbamein í blöðruhálskirtli sem veitir fræðslu um rétt svar hverju sinni og vísar á frekari upplýsingar. Prófið var birt hjá karlmönnum 45 ára og eldri á Facebook og var smellt um 2.400 sinnum á prófið.

Rúmlega sextíu sundlaugar um land allt fengu send vatnshelt fræðsluefni og límmiða til að vekja athygli gesta á að kynna sér einkenni krabbameins í blöðruhálskirtli.

Opin ráðstefna um blöðruhálskirtilskrabbamein „Að takast á við karlmenskuna“ með um 100 gestum. Ráðstefnan var tekin upp og gerð aðgengileg á krabb.is. Fjórir hádegisfundir, opnir og ókeypis þar sem fjallað er um jafn fjölbreytt málefni. Í tilefni Mottumars fengum við sálfræðing, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga og kynfræðing til að veita símaráðgjöf hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Fjöldi fyrirtækja og félagasamtaka fékk fræðsluerindið „Kíkt undir húddið“ frá fræðslustjóra félagsins. Birtar voru greinar og unnið með fjölmiðlum að umfjöllum að fjölbreyttum málefnum tengdum karlmönnum og krabbameini, svo sem nýjustu rannsóknir, reynslusögur o.fl.

Velunnarar

Velunnarar eru stærsta einstaka fjáröflun félagsins og gerir stuðningur þeirra félaginu kleift að halda stöðugleika í starfseminni árið um kring. Í apríl 2016 urðu þau gleðilegu tímamót að fjöldi velunnara Krabbameinsfélagsins fór yfir 15 þúsund manns. Við erum snortin yfir þeim mikla velvilja og trausti sem velunnarar sýna Krabbameinsfélaginu í hverjum mánuði. Velunnarar eru búsettir víðsvegar um landið og eru á öllum aldri. Sá yngsti er 18 ára og sá elsti er 98 ára. Félagið sendir á póstlista velunnara í hverjum mánuði áhugaverðar upplýsingar úr starfinu eða stutta fræðslumola.

Þakkarorð

Fyrir hönd Krabbameinsfélagsins viljum við þakka öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum, einstaklingum, félögum, fjölskyldum og vinahópum fyrir ómetanlegan stuðning í öllum verkefnum félagsins. Allur grundvöllur fyrir starfsemi félagsins byggist á þessum velvilja sem félaginu er sýndur. Ykkur verður aldrei þakkað nóg fyrir ykkar framlag.

*Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, kynningar- og fjáröflunarstjóri
Sigurlaug Gissurardóttir, vefstjóri og kynningarfulltrúi*

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Frá upphafi hefur Krabbameinsfélagið unnið að stuðningi við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Þessi stuðningur hefur þróast í takt við aukna þekkingu, breytingar í samfélaginu og þarfir þeirra sem nýta sér þjónustuna. Ráðgjafarþjónustan hóf starfsemi sína árið 2007 og er því að hefja sitt nýnda starfsár sitt. Starfsmenn eru fjórir í 2,9 stöðugildum, þrír hjúkrunarfræðingar og félagsráðgjafi. Tímabundið var starfandi tólmstunda- og félagsmálafræðingur í 30% stöðugildi. Framkvæmdastjóri Krafts, félags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra, vinnur náið með starfsfólki Ráðgjafarþjónustunnar einnig er mikið samstarf við sálfræðingi Krafts sem hefur umsjón með stuðningsnetinu og bíður upp á sálfræðiþjónustu einn dag í viku. Starfsmenn þjónustuskrifstofa svæðafélaga Krabbameinsfélagsins njóta faglegs stuðning Ráðgjafarþjónustunnar, sem og svæðafélög og stuðningshópar. Margir hafa komið að með námskeið, fyrirlestra og örráðstefnur á árinu.

Starfsemin

Hjá Ráðgjafarþjónustunni er veitt fjölbreytt þjónusta sem snýr að upplýsingagjöf, fræðslu, ráðgjöf og sálfélagslegum stuðningi eða - endurhæfingu við þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra. Þeir sem nýta sér þjónustuna eru á öllum stigum sjúkdómsins, þeir geta verið í greiningarferlinu, nýgreindir, í meðferð og að endurgreinast. Einnig eru margir komnir töluvert frá meðferð og hafa jafnvel ekki náð að fóta sig aftur í lífinu, enn aðrir eru mjög veikir með útbreiddan sjúkdóm og glíma við mikil einkenni. Aðstandendur nýta sér einnig þjónustuna og síðast en ekki síst eftirlifendur, þeir sem hafa misst náinn ættingja eða vin af völdum krabbameins.

Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í lífinu eftir þær breyttu aðstæður sem greining krabbameins veldur. Einnig að koma að endurhæfingu fólks eftir greiningu krabbameins og auka þannig möguleika þeirra til að komast aftur í vinnu eða til að verða virkari í lífinu á ný. Þjónustan nær jafnt til einstaklinga sem hópa. Samskipti fara fram með viðtölum, símaráðgjöf og með tölvupósti.

Í töflunni hér að neðan má sjá fjölda samskipta. Viðburðir eru heldur fleiri á árinu og má sjá aukningu á nýtingu þeirra að sama skapi. Með viðburðum er átt við m.a. námskeið, fræðsluerindi, ráðstefnur, heilsuæfingar og jafningjastuðning hjá stuðningshópum félagsins.

Sem fyrr nær þjónustan jafnt til einstaklinga sem hópa og fólk getur komið án þess að gera boð á undan sér eða pantað tíma. Þjónustan er í flestum tilfellum án endurgjalds. Í Ráðgjafarþjónustunni er góð aðstaða fyrir fólk til að hittast og deila upplifun sinni á veikindum. Máttur jafningjastuðningsins er mikill. Þrettán stuðningshópar eru stafandi á höfuðborgarsvæðinu og þeir geta nýtt sér aðstöðu Ráðgjafarþjónustunnar. Þeir hafa flestir reglulega fundi yfir vetrartímamann. Yngsti stuðningshópurinn er Perluvinir sem er stuðningshópur fyrir fólk sem greinst hefur með myeloma, mergæxli. Hann var stofnaður í nóvember 2015.

Þjónusta 2012-2015.

	2012	2013	2014	2015
Samskipti við einstaklinga	1.460	1.790	3.866	3.572
- símtöl		897	1.043	969
- tölvupóstur		322	2.344	2.126
- viðtöl		571	479	477
Fjöldi viðburða	146	180	210	260
Aðsókn á viðburði	3.100	3.700	4.371	4600

Ráðgjafarþjónustan er aðili að ICISG sem er alþjóðlegt net meira en fimmtíu samtaka sem veita ráðgjöf og upplýsingar tengdum krabbameini. Meðlimir deila upplýsingum og þekkingu sín á milli og aðstoða hópa eða félög sem vilja koma á fót eða efla upplýsingaþjónustu um krabbameini. Í grein Boltong, A., Byrnes, M., Quin, N. og Chapman, A. kemur fram að einstaklingar með krabbameinsgreiningu greina ítrekað frá því að sálfélagslegum þörfum þeirra sé ekki mætt og þá sérstaklega á meðan krabbameinsmeðferð stendur. Á sama hátt upplifa nánast allir aðstandendur að þeir hafi óuppfylltar þarfir í tengslum við greiningu krabbameins hjá ástvini. Aðgengi að upplýsingum og stuðningi, sem veitt er í gegnum síma, getur samkvæmt rannsóknum hjálpað fólki að átta sig betur á aðstæðum sínum, gert upplifun af aðstæðum jákvæðari, aukið á traust og bætt samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Tvær rannsóknir hafa sýnt fram á að upplýsingar og ráðgjöf í gegnum síma hafa jákvæð áhrif á sálfélagslega líðan. Tvær algengar hindranir þess að fólk nýti sér slíka þjónustu er annars vegar að fólk hefur ekki vitneskju um að þjónustan sé til eða með hvaða mál sé hægt að leita til hennar en hinsvegar að fólk telji sig ekki þurfa á hjálpinni að halda.

Símaráðgjöfin

Símaráðgjöf Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er opin frá 13-15 virka daga. Hjúkrunarfræðingur eða félagsráðgjafi svara í númerið 800 4040 sem er gjaldfrjálst fyrir fólk hvaðan af landinu sem er. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir í gegnum netfangið radgjof@radgjof.is. Báðar þessar leiðir virðast vel nýttar, en efni fyrirspurna og samtala spanna vítt svið og því er leitast við að mæta ólíkum þörfum fyrir upplýsingar, ráðgjöf, fræðslu og stuðning. Á árinu hefur verið unnið að því að efla og bæta símaráðgjöfina og færa hana nær þeirri þjónustu sem veitt er hjá sambærilegum krabbameinsfélögum í Evrópu.

Á síðasta ári stóð fyrirtækið Bestseller fyrir alþjóðlegum góðgerðardegi fyrir öll vörumerki sín um allan heim. Í kjölfarið var Krabbameinsfélaginu færðar 6,2 milljónir króna en ákveðið var að allt það fé yrði nýtt til að efla og bæta símaráðgjöfina. Ráðinn var starfsmaður í 50% stöðu, meðal annars til að hafa umsjón með þessu verkefni. Nú hefur verið gefinn út bæklingur um símaráðgjöfina til að kynna þennan þátt þjónustunnar betur en einnig er unnið að útgáfu bókamerkis með númeri og helstu upplýsingum. Til stendur að Ráðgjafarþjónustan taki upp rafrænt skráningarkerfi á þeirri þjónustu sem veitt er í gegnum símtöl, tölvupóst og viðtöl. Markmiðið með þessu er að stuðla að samfelli í skráningu upplýsinga og gera hana markvissari, en einnig að fá upplýsingar um samsetningu þess hóps er nýtir þjónustu Ráðgjafarþjónustunnar. Von okkar er sú að hægt verði að nýta þær upplýsingar í framtíðinni til að bæta þjónustu við þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Námskeið og aðrir viðburðir á árinu

Fjöldmörg námskeið hafa verið í boði á árinu. Fastir liðir í dagskrá þjónustunnar voru Qi-gong ástundun og heilsuæfingar, hópslökun og samtal um réttindamál. Önnur námskeið og umræðuhópar voru núvitund, HAM-námskeið (hugræn atferlismeðferð), snyrtinámskeið (Gott útlit – betri líðan), hugræn atferlismeðferð við svefnvanda, námskeið fyrir konur með sogæðabjúg á handlegg (Ertu með bjúg á handlegg?), skapandi skrif og vísnaverð, umræðuhópur fyrir karla á karlanótum (Ágjöf) og stuðningur við ekkjur og ekkla sem hefur verið haldið í samstarfi við Nýja döggun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð. Einnig hefur Ljónshjarta, hópur ungra ekkna og ekkla verið með fundir í Ráðgjafarþjónustunni á árinu. Á aðventunni voru rithöfundar fengnir til að lesa upp úr nýjum bókum.

Hádegisfyrirlestrar hafa verið annan hvern miðvikudag í hverjum mánuði yfir vetrartímann. Þar er leitast við að hafa fræðslu um þau mál sem snúa að heilsu og ýmsum þáttum sem snúa að bættri líðan. Örráðstefnur og málþing á starfsárinu voru, í október og mars. Í október var haldin örráðstefna um ristilkrabbamein og síðar í sama mánuði var haldið málþing um erfðir og brjóstakrabbamein undir yfirskriftinni „Viltu vita?“

Í mars var haldin örráðstefna: „Að takast á við karlmennskuna,“ þar var fókusinn á blöðruhálskirtilskrabbamein. Hægt er að sjá fyrirlestra ráðstefnunnar á vef félagsins, www.krabb.is. Góð þátttaka var á þessa

viðburði. Krabbameinsfélag Reykjavíkur stóð fyrir þessum viðburðum með Ráðgjafarþjónustunni ásamt þeim stuðningshópum sem eru starfandi á þeirra vegum. Einnig kom Brjóstaheill – Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar að málþinginu í október.

Framhald var á fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem er orðinn fastur þáttur í þjónustunni sem þróaður verður áfram. Í boði voru tvö tjáskiptanámskeið: „Að færa „slæmar“ fréttir“. Að þessu sinni var námskeiðið ætlað unglæknum sem eru í sérfræðinámi í lyflækningum. Ætlunin er að fjölga námskeiðunum og verið er að ganga frá samning við EC4H (Effective communication for Healthcare) í Skotlandi. Ein af forsvarskonum þessara samtaka er Dr. Kirsty Boyd. Hún var gestur á Læknadögum í janúar, með erindi um m.a. mikilvægi góðra tjáskipta og meðferðarmarkmið. Í tilefni af komu hennar hingað til lands var haldin örráðstefna fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Tjáskipti í heilbrigðisþjónustu. Hvar erum við stöð? Hvert stefnum við? Forstjóri Landspítala og landlæknir voru meðal þeirra sem töluðu á ráðstefnunni.

Einnig var starfsfólki krabbameinseiningar Landspítalans boðið upp á hópslökunartíma þar sem kynntar voru ólíkar leiðir í slökun. Ráðgjafarþjónustan studdi við og tók þátt í undirbúning á málþingi sem haldið var í nóvember hjá fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga.

Samstarfsaðilar

Mikið samstarf er við stuðningshópa félagsins. Við erum daglega minnt á hversu jafningjastuðningurinn er mikilvægur í bland við faglega stuðninginn. Ráðgjafarþjónustan er faglegt bakland fyrir þjónustuskrifstofurnar sem eru átta á landsbyggðinni. Samráðsfundir voru þrjár á árinu, þar sem rætt var um samstafið og hvernig hægt er að samnýta krafta og þekkingu í þágu hópsins sem til okkar leitar. Á formannafundi sem haldinn var í Reykjavík í október var Ráðgjafarþjónusta félagsins kynnt og fundarmenn tóku þátt í að skoða hvernig hægt er að koma betur til móts við fólk sem greinst hefur með krabbamein og fjölskyldur þeirra óháð búsetu.

Mikilvægt samstarf er við heilbrigðisstarfsfólk Landspítala sem sinnir krabbameinssjúklingum og aðstandendum þeirra. Samstarf við fagfólk spítalans er okkur ómetanlegt og gerir okkur kleift að koma betur til móts við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

Ráðgjafarþjónustan kom að stóru árvekniverkefnum Krabbameinsfélagsins í mars og október, Mottumars og Bleiku slaufunni. Starfsmenn tóku þátt í undirbúningi, skipulagningu á fræðslu til fyrirtækja og koma fram í fjölmiðlum. Má þar m.a. nefna þátt um starfsemi Ráðgjafarþjónustuna á Hringbraut í þættinum Fólki með Sírý sem var sýndur í október.

Verkefni

Starfsmenn hafa farið víða með kynningar á þjónustunni má þar helst nefna á Landspítala, hjá Oddfellowreglunni, Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar, Sigurvon á Ísafirði og einnig hjá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Í gangi er, rannsókn á stöðu barna sem misst hafa foreldri úr krabbameini. Gunnjóna Una félagsráðgjafi og Lóa Björk hjúkrunarfræðingur eru hluti af þverfaglegum hópi sérfræðinga sem vinnur nú að rannsókn á stöðu barna sem misst hafa foreldri úr krabbameini. Ábyrgðarmaður og stjórnandi rannsóknarinnar er dr. Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsrágjöf við Háskóla Íslands. Rannsóknin er tvíþætt og var fyrri hluta hennar unnin 2015. Í seinni hluta rannsóknarinnar, sem hófst í janúar 2016, eru tekin einstaklingsviðtöl við eftirlifandi maka, börn sem hafa misst foreldri og einnig er rætt við foreldra látna foreldrisins (afa og ömmu barnsins). Undirbúnir voru viðtalsrammar fyrir viðtölin og munu fagaðilar á Landspítala, hjá Krabbameinsfélaginu og hjá Háskóla Íslands taka viðtölin.

Heftið „Réttindi krabbameinsveikra“ sem inniheldur upplýsingar um fjármál, félagsleg réttindi og endurhæfingu var uppfært á árinu. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á vef félagsins www.krabb.is og endurskoðaðar reglulega.

Forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar á sæti í fag- og fræðsluráði Krabbameinsfélagsins en því er ætlað að marka stefnu í fræðslumálum og fræðsluverkefnum.

Greinaskrif í tengslum við alþjóðlegan dag gegn krabbameini 4. febrúar. „Við getum – ég get“ í samstarfi við Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga. Fyrsta greinin birtist á deginum og munu fleiri greinar birtast á komandi mánuðum.

Önnur verkefni sem hafa verið í gangi og eru komin til að vera eru „Kastað til bata“ sem unnið er í samvinnu við stuðningshópinn Brjóstheill – Samhjálp kvenna og „Karlarnir og kúlurnar“ sem er í samstafi við Kraft, Góða hálsa og Fríska menn.

Starfsmenn Ráðgjafarþjónustunnar sóttu sér endurmenntun, hjúkrunarfræðingar fór á Alþjóðlega ráðstefnu um „1st International Integrative Nursing Symposium“ sem haldin var á Íslandi í maí, ECCO í Austurríki, MASCC ráðstefna í Kaupmannahöfn og félagsráðgjafi fór á fund með Evrópsku hjálparsíma samtökunum sem haldin var í Heidelberg og alþjóðlega ráðstefnu félagsráðgjafa í Edinborg sem haldin var í september. Forstöðumaður þjónustunnar sat tvo fundi á vegum ECL, PSWG (Patient Support Working Goup). Þau mál sem voru í brennidepli á starfsárinu hjá hópnum eru, endurhæfing krabbameinssjúklinga, réttinda- og tryggingamál og líknar meðferð.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.

Íbúðirnar á Rauðarárstíg

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur þeirra af landsbyggðinni, til afnota á meðan meðferð fer fram í Reykjavík, eru átta, allar að Rauðarárstíg 33. Sex þeirra eru eign Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands, ein eign félagsins og Hússjóðs Öryrkjabandalagsins og ein eign félagsins. Ráðgjafarþjónustan ber ábyrgð á íbúðum félagsins en Landspítali sér um daglegan rekstur. Nánari upplýsingar má fá á móttöku geislameðferðar krabbameina á Landspítala við Hringbraut í síma 543 6800 og 543 6801.

Nýting á íbúðunum var heldur minni árið 2015 en árin á undan og komu tímabil þar sem þær voru lengi auðar. Margt getur skýrt þetta en hugsanlegt er að verkföll hjá heilbrigðisstarfsfólki hafi haft þar áhrif. Einnig var verið að gera íbúð 201 upp á haustmánuðum. Íbúðin var máluð, eldhúsinnrétting sprautulökkuð og húsgögn endurnýjuð með rausnarlegri gjöf frá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Íbúð 206 var máluð í vetur. Leki hafði verið í íbúðinni og var málað og gólfefni yfirfarin. Eldhúsinnrétting var sprautulökkuð og skipt um áklæði á sófa. Gluggatjöld voru endurnýjuð í báðum íbúðum. Úthlutun á íbúðunum fer fram á geisladeild Landspítala. Kostnaður er nú 2.050 kr. á sólarhring fyrir leigutaka frá því um áramótin. Sum krabbameinsfélög á landsbyggðinni og nokkur stéttarfélög taka þátt í greiðslu kostnaðar við dvöl í íbúðunum.

Gjafir frá aðildarfélögum og fleirum hafa gert okkur kleift að endurnýja húsbúnað, meðal annars voru keyptar nýjar eldavélar í íbúð 201 og 202. Einnig voru rúmgaflar endurnýjaðir í þremur íbúðum. Krabbavörn í Vestmannaeyjum gaf 500.000 kr. til að nýta í íbúðirnar en þau hafa stutt þetta verkefni dyggilega á undanförunum árum. Stuðningurinn er ómetanlegur og kemur sér vel fyrir þann hóp sem nýtir íbúðirnar.

Sigrún Lillie Magnúsdóttir.

Íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga að Rauðarárstíg 33 í Reykjavík.

	<i>Tekin í notkun</i>	<i>Nýting 2011</i>	<i>Nýting 2012</i>	<i>Nýting 2013</i>	<i>Nýting 2014</i>	<i>Nýting 2015</i>
Íbúð 201	16.03.1995	46 vikur	48 vikur	51 vikur	50 vikur	28 vikur
Íbúð 202	16.03.1995	40 vikur	45 vikur	48 vikur	50 vikur	41 vikur
Íbúð 203	06.08.1996	42 vikur	44 vikur	34 vikur	47 vikur	40 vikur
Íbúð 204	03.05.2003	40 vikur	47 vikur	48 vikur	45 vikur	40 vikur
Íbúð 205	11.12.1992	41 vikur	46 vikur	34 vikur	48 vikur	43 vikur
Íbúð 206	27.06.2001	42 vikur	49 vikur	42 vikur	50 vikur	41 vikur
Íbúð 207	17.01.2005	33 vikur	44 vikur	42 vikur	44 vikur	38 vikur
Íbúð 306	03.05.2002	46 vikur	46 vikur	39 vikur	45 vikur	38 vikur
Meðaltal		41 vikur	46 vikur	42 vikur	47 vikur	39 vikur

Nýting eftir landshlutum 2015.

Akureyri og Eyjafjörður	(Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis)	34 sjúklingar
Austfirðir og Austurland	(Krabbameinsf. Austfjarða og Krabbameinsf. Austurlands)	10 sjúklingar
Vestfirðir	(Krabbameinsf. Táknafrj. og Vesturb. og Sigurvon)	14 sjúklingar
Vestmannaeyjar	(Krabbavörn Vestmannaeyjum)	9 sjúklingar
Aðrir landshlutar		24 sjúklingar
Samtals		92 sjúklingar

Krabbameinsskráin

Hjá Krabbameinsskránni hafa verið skráðar upplýsingar um öll nýgreind krabbamein hjá þjóðinni í yfir sex áratugi og stundaðar rannsóknir á orsökum, útbreiðslu og eðli krabbameina, áhrifaþáttum á horfur sjúklinga og fleiru er varðar hagsmuni krabbameinssjúklinga. Krabbameinsskráin er ein fárra lýðgrundaðra skráa sem taka til heilla þjóða. Hún og hinar norrænu krabbameinsskrárnar voru stofnaðar um svipað leyti, þær eru taldar til bestu krabbameinsskráa í heiminum og eru allar mjög sambærilegar. Tölulegar upplýsingar um krabbamein á Íslandi birtast árlega á vefsíðu Krabbameinsskrárinnar (www.krabbameinsskra.is) og í norræna gagnagrunninum NORDCAN (www.ancr.nu).

Skráningin er í samræmi við leiðbeiningar Evrópusamtaka krabbameinsskráa (ENCR). Á undanförunum árum hafa, eins og í öðrum löndum, í vaxandi mæli verið skráðar ítarlegri upplýsingar, einkum forspárþættir, en einnig er hafin skráning á meðferð. Krabbameinsskráin er notuð til rannsókna, stjórnunar og áætlanagerðar í heilbrigðisþjónustu, gæðaeftirlits og athugana á árangri við meðferð og skimun. Hlutverk skrárinnar er einnig að bera Ísland saman við önnur lönd. Margir nýta sér upplýsingar og þjónustu skrárinnar, t.d. Krabbameinsfélagið, heilbrigðisyfirvöld, vísindamenn, heilbrigðisstarfsfólk, nemendur og almenningur.

Framkvæmdastjóri Krabbameinsskrárinnar er Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur og klínískur prófessor. Yfirlæknir er Helgi Birgisson sérfræðingur í skurðlækningum en hann tók við af Jóni Gunnlaugi Jónassyni meinafræðingi sem lét af störfum í janúar 2016. Annað starfsfólk er Elínborg J. Ólafsdóttir sérfræðingur, Guðríður H. Ólafsdóttir gagnagrunnstjóri, Hrefna Stefánsdóttir og Kristín Alexíusdóttir sem vinna við skráningu og rannsóknir, Sigrún Stefánsdóttir deildarstjóri skráningar og Þorgils Völundarson forritari. Stöðugildi við Krabbameinsskrá eru samtals sex. Einnig vinna þar háskólanemar reglulega að vísindaverkefnum.


Krabbameinsskráin hefur verið rekin af Krabbameinsfélagi Íslands frá upphafi. Síðustu áratugi hefur komið stuðningur frá velferðarráðuneytinu auk þess að hluti af rekstrinum hefur undafarin ár verið fjármagnaður með styrkjum í tengslum við tímabundið sérverkefni. Með lögum um landlækni frá 1. september 2007 fékk Krabbameinsskráin formlega lagastoð, sem ein af þeim heilbrigðisskrám sem landlækni ber að halda. Í kjölfarið gerðu landlæknir og Krabbameinsfélag Íslands með sér samning sem kvað á um að félagið tæki að sér áframhaldandi rekstur skrárinnar í umboði landlæknis.

Breytingar á nýgengi eru sýndar í töflu 1. Árlegur fjöldi krabbameinsgreininga er nú 1.450 eins og sést í töflu 2. Stöðugt fjölga þeim sem eru á lífi eftir greiningu krabbameins og í árslok 2014 var fjöldinn rúmlega 13 þúsund manns, eða 4,0% þjóðarinnar (tafla 3), en í árslok 1964 var hlutfallið 0,5%. Í töflu 4 sést að fimm ára hlutfallsleg lifun hefur aukist mikið fyrir flest mein. Ánægjulegt er einnig að sjá að um tveir af hverjum þremur sem greinast með krabbamein geta vænst þess að lifa fimm ár eða lengur eftir greiningu og á þetta við um bæði kyn (tafla 4). Tafla 5 sýnir árlegan meðalfjölda þeirra sem deyja úr krabbameinum og þar er lungnakrabbamein algengasta orsökina hjá báðum kynjum. Tafla 6 sýnir breytingar á dánartíðni af völdum krabbameina og ánægjulegt er að sjá að dánartíðnin hefur farið lækkandi frá aldamótum.


Myndir 1 og 2 sýna breytingar á nýgengi og dánartíðni með tímanum, fyrir öll mein saman og blöðruhálskirtilskrabbamein fyrir karla og brjóstakrabbamein fyrir konur. Tölurnar eru aldursstaðlaðar miðað við alþjóðlegan aldursstaðal og eru sýndar sem fimm ára hlaupandi meðaltöl. Upplýsingar um dánarmein eru frá Hagstofu Íslands (til og með 2009) og Embætti landlæknis (2010-2014).

Frá upphafi skráningar var stöðug hækkun á nýgengi krabbameina í heildina séð. Hjá konum hefur nýgengið staðið í stað frá aldamótum og merkja má lækkun á allra síðustu árum. Hjá körlum var nýgengið hæst 2007-2010 en hefur farið lækkandi eftir það. Dánartíðnin var nokkuð stöðug frá upphafi og fram til aldamóta en hefur farið lækkandi síðan, hjá báðum kynjum.

Laufey Tryggvadóttir og Helgi Birgisson.



Mynd 1:
Öll krabbamein.
Karlar og konur.
Breytingar á
nýgengi og
dánartíðni.*



Mynd 2:
Brjóstakrabbamein
og blöðruháls-
kirtilskrabbamein.
Breytingar á
nýgengi og
dánartíðni.*

* Miðað við 100.000, aldursstaðlað (alheimsstaðill), fimm ára hlaupandi meðaltöl.

Tafla 1. Breytingar á nýgengi algengustu meina 1955-2014.

Árlegt aldrastaðlað nýgengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldrastaðal).

Karlar	1955 -1959	1960 -1964	1965 -1969	1970 -1974	1975 -1979	1980 -1984	1985 -1989	1990 -1994	1995 -1999	2000 -2004	2005 -2009	2010 -2014
Krabbamein í blöðruhálskirtli	16,4	16,5	26,1	28,7	35,3	45,3	60,0	64,4	78,1	93,1	100,4	81,2
Lungnakrabbamein	10,9	14,1	15,3	18,1	25,0	34,0	34,3	34,4	37,0	34,7	34,4	29,1
Krabbamein í þvagvegum*	7,7	6,8	8,5	11,6	16,7	20,4	22,8	22,2	21,0	22,6	21,7	23,7
Ristilkrabbamein	7,7	9,6	10,3	14,2	11,8	18,3	20,6	15,4	23,6	22,4	23,4	20,7
Húðkrabbamein**	3,9	2,2	3,3	3,0	3,9	5,0	5,8	5,9	8,4	10,0	13,5	17,2
Nýrnakrabbamein	7,7	9,7	12,1	11,3	9,7	12,4	11,0	15,9	14,5	14,6	13,4	14,2
Eitilfrumuæxli***	3,8	2,4	3,6	3,5	3,9	5,8	7,6	9,5	10,1	9,7	10,3	10,6
Endaþarmskrabbamein	4,9	5,3	7,9	6,1	7,4	8,9	7,1	5,8	8,0	9,0	8,8	9,6
Heilaæxli****	7,0	8,2	7,8	8,7	8,5	7,6	11,2	12,6	11,2	9,9	13,2	9,3
Krabbamein í brisi	6,1	5,4	9,2	7,8	10,4	10,5	10,5	8,1	8,4	8,3	6,0	7,8
Sortuæxli í húð	0,2	0,6	1,4	1,1	3,1	3,6	2,6	4,2	7,8	11,0	10,1	7,8
Krabbamein í vélinda	7,2	7,3	5,9	3,6	4,7	4,6	4,7	5,2	5,5	5,5	6,3	6,5
Magakrabbamein	77,2	61,0	43,7	39,2	31,7	29,1	24,6	19,2	14,5	9,5	8,3	5,6
Langvinnt hvítblæði	5,0	4,0	1,9	4,4	3,6	4,5	3,8	3,4	4,8	5,0	6,3	5,2
Krabbamein í eistum	2,2	1,5	2,3	2,4	3,2	3,4	5,2	6,2	5,0	5,5	6,2	5,1
Öll mein	203,1	194,0	204,8	208,3	229,5	263,4	282,3	279,6	309,8	318,7	332,0	297,5
<i>Konur</i>	<i>1955 -1959</i>	<i>1960 -1964</i>	<i>1965 -1969</i>	<i>1970 -1974</i>	<i>1975 -1979</i>	<i>1980 -1984</i>	<i>1985 -1989</i>	<i>1990 -1994</i>	<i>1995 -1999</i>	<i>2000 -2004</i>	<i>2005 -2009</i>	<i>2010 -2014</i>
Brjóstakrabbamein	34,9	41,4	47,6	49,9	56,3	62,1	78,4	69,6	76,6	86,3	89,4	86,2
Lungnakrabbamein	5,4	6,2	10,1	11,2	19,3	23,9	26,7	31,3	31,4	33,2	31,9	34,5
Ristilkrabbamein	8,6	11,6	12,4	15,7	13,8	13,6	15,0	13,8	15,8	15,2	17,3	15,5
Húðkrabbamein**	1,3	1,3	1,3	1,6	3,2	2,2	4,0	4,4	6,3	10,0	10,2	13,7
Sortuæxli í húð	2,1	1,1	3,5	3,2	5,5	6,2	4,5	8,5	14,5	18,9	15,1	11,8
Krabbamein í legbol	8,9	10,6	14,2	12,8	10,6	13,3	12,3	13,3	13,5	12,5	12,3	11,8
Krabbamein í skjaldkirtli	7,2	7,9	15,6	16,0	14,9	9,4	8,4	11,3	10,6	11,3	11,2	10,8
Heilaæxli****	8,0	5,5	8,1	6,6	9,3	11,3	11,3	11,6	12,5	14,0	13,3	9,6
Eitilfrumuæxli***	2,3	1,4	1,7	2,1	4,0	4,2	3,3	5,7	5,5	6,7	6,2	8,1
Leghálskrabbamein	15,8	17,0	26,6	18,3	9,4	13,5	10,2	9,0	9,5	9,3	7,9	8,0
Nýrnakrabbamein	7,3	6,8	7,0	6,1	7,8	7,0	8,9	7,0	7,1	8,8	8,1	8,0
Krabbamein í eggjastokkum	12,2	14,0	12,1	12,6	12,9	12,7	13,4	13,0	11,0	9,5	7,7	6,9
Endaþarmskrabbamein	4,1	5,0	5,0	7,1	5,4	4,8	6,3	5,5	5,9	6,7	7,1	6,0
Krabbamein í þvagvegum*	3,4	5,2	3,6	6,7	5,3	6,6	7,7	5,5	7,5	6,7	7,6	6,0
Krabbamein í brisi	3,3	5,1	8,9	6,7	5,3	7,3	6,7	6,8	8,0	5,3	5,5	5,4
Öll mein	183,9	201,5	234,3	228,0	231,6	242,1	262,6	259,9	283,7	296,3	295,4	280,6

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)

** Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli

*** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

**** Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi

Tafla 2. Árlegur meðalfjöldi algengustu krabbameina hjá íslenskum körlum og konum 2010-2014.
Raðað eftir fjölda nýrra tilfella á ári.

<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>	
1. Krabbamein í blöðruhálskirtli	205	1. Brjóstakrabbamein	202
2. Lungnakrabbamein	76	2. Lungnakrabbamein	92
3. Krabbamein í þvagvegum*	62	3. Krabbamein í ristli	48
4. Krabbamein í ristli	54	4. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	47
5. Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	52	5. Krabbamein í legbol	28
6. Nýrnakrabbamein	33	6. Sortuæxli í húð	24
7. Eitilfrumuæxli**	25	7. Krabbamein í skjaldkirtli	22
8. Endaþarmskrabbamein	23	9. Eitilfrumuæxli**	21
9. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi ...	19	8. Nýrnakrabbamein	20
10. Krabbamein í brisi	18	10. Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi....	20
Öll mein	746	Öll mein	704

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga á lífi eftir greiningu krabbameins. Algengustu meinin.
Fjöldi á lífi í árslok 2014.

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Brjóstakrabbamein	25	2.848	2.873
Krabbamein í blöðruhálskirtli	2.125		2.125
Krabbamein í ristli	440	401	841
Sortuæxli í húð	270	533	803
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	374	404	778
Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.)	545	176	721
Krabbamein í skjaldkirtli	134	479	613
Heilaæxli og önnur æxli í miðtaugakerfi	195	324	519
Nýrnakrabbamein	286	198	484
Lungnakrabbamein	178	289	467
Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)	245	192	437
Krabbamein í legbol		423	423
Leghálskrabbamein		370	370
Endaþarmskrabbamein	186	167	353
Krabbamein í eistum	279		279
<i>Breytingar á fjölda á lífi á síðustu 50 árum</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Fjöldi á lífi í árslok 1964	355	572	927
Fjöldi á lífi í árslok 1974	773	1.335	2.108
Fjöldi á lífi í árslok 1984	1.499	2.299	3.798
Fjöldi á lífi í árslok 1994	2.409	3.379	5.788
Fjöldi á lífi í árslok 2004	3.876	5.044	8.920
Fjöldi á lífi í árslok 2014	5.829	7.274	13.103

Tafla 4. Fimm ára hlutfallsleg lifun fólks sem hefur greinst með krabbamein.

Nokkur valin mein.

<i>Karlar</i>	<i>1961-1970</i>	<i>1971-1980</i>	<i>1981-1990</i>	<i>1991-2000</i>	<i>2001-2010</i>
Krabbamein í eistum	63%	73%	95%	99%	99%
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	74%	83%	96%	90%	99%
Hodgkins eitilfrumuæxli	31%	60%	90%	95%	96%
Krabbamein í skjaldkirtli	69%	91%	91%	85%	91%
Krabbamein í blöðruhálskirtli	34%	58%	66%	79%	91%
Sortuæxli í húð	44%	48%	75%	84%	87%
Eitilfrumuæxli **	21%	52%	45%	57%	79%
Krabbamein í þvagvegum *	49%	73%	78%	77%	78%
Endaþarmskrabbamein	35%	36%	51%	56%	77%
Langvinnt hvítblæði	16%	26%	56%	70%	76%
Krabbamein í barkakýli	51%	62%	64%	65%	71%
Nýrnakrabbamein	23%	41%	48%	55%	68%
Krabbamein í ristli	46%	46%	47%	54%	65%
Magakrabbamein	12%	16%	22%	29%	27%
Lungnakrabbamein	11%	10%	12%	11%	14%
Öll mein	26%	39%	47%	56%	68%
<i>Konur</i>	<i>1961-1970</i>	<i>1971-1980</i>	<i>1981-1990</i>	<i>1991-2000</i>	<i>2001-2010</i>
Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli	83%	100%	100%	100%	100%
Krabbamein í skjaldkirtli	80%	88%	92%	95%	96%
Sortuæxli í húð	60%	84%	89%	93%	95%
Langvinnt hvítblæði	17%	39%	52%	70%	93%
Brjóstakrabbamein	61%	75%	77%	87%	92%
Leghálskrabbamein	52%	72%	77%	79%	88%
Hodgkins eitilfrumuæxli	37%	60%	87%	70%	87%
Krabbamein í legbol	70%	76%	75%	72%	85%
Endaþarmskrabbamein	47%	46%	60%	49%	77%
Eitilfrumuæxli **	13%	47%	66%	54%	74%
Krabbamein í þvagvegum *	49%	58%	68%	66%	72%
Nýrnakrabbamein	38%	48%	42%	57%	70%
Krabbamein í ristli	32%	52%	52%	54%	68%
Magakrabbamein	13%	20%	30%	34%	38%
Lungnakrabbamein	5%	10%	15%	14%	16%
Öll mein	41%	52%	56%	62%	71%

* Krabbamein í þvagvegum (þvagblöðru o.fl.) ** Eitilfrumuæxli (önnur en Hodgkins-eitilfrumuæxli)

Tafla 5. Árlegur meðalfjöldi íslenskra karla og kvenna sem dóu úr krabbameinum 2010-2014.
 Algengustu meinin.

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
Lungnakrabbamein	69	70	139
Krabbamein í blöðruhálskirtli	50		50
Krabbamein í ristli	24	20	44
Brjóstakrabbamein	1	40	40
Krabbamein í brisi	19	17	36
Öll mein	314	276	590

Tafla 6. Breytingar á dánartíðni úr krabbameinum 1990-2014.
 Árlegt aldurstaðlað nýgengi af 100.000 (miðað við alþjóðlegan aldurstaðal).

	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
1990-1994	129,5	111,9
1995-1999	143,4	113,5
2000-2004	117,9	100,5
2005-2009	116,9	93,8
2010-2014	109,6	87,0

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins

Leghálskrabbameinsleit

Þann 1. febrúar 2015 var hætt að taka hefðbundin leghálssýni (glersýni) og vökvásýni voru tekin upp á öllu landinu. Þetta lagði grunninn að fyrstu HPV-mælingunum hjá íslenskum konum samkvæmt endurskoðuðum leitarleiðbeiningum sem tóku gildi 1. janúar 2015.

HPV-mælingar á lággráðu-frumubreytingum hafa dregið úr eftirliti vegna frumubreytinga. Árið 2015 voru 561 konur greindar með dysplasia 1 og voru 114 (20,3%) þeirra HPV-neikvæðar. Samtals 1.369 konur voru greindar með flöguþekjuatypíu (ASCUS) og var 861 (62,9%) þeirra HPV-neikvæðar. Einnig voru teknar upp svokallaðar HPV-exit mælingar, þ.e. að í stað hefðbundins leghálssýnis við 65 ára aldur er gerð HPV-mæling. Vonandi verður hægt að ráðast í HPV-mælingar vegna keiluskurðseftirlits innan tíðar.

Lokið var við að færa töku leghálssýna á landsbyggðinni til heilbrigðisstofnana með þátttöku ljósmæðra sem hafa fengið þjálfun hjá Leitarstöðinni og nú er öllum konum á landsbyggðinni boðin leghálskrabbameinsleit með sama sniði og á höfuðborgarsvæðinu. Þessi breyting hefur bæði gefist og mælst vel fyrir. Til dæmis jókst þátttaka á Siglufirði um 24%, úr 60% í 84% og á Hvammstanga um 22% úr 56% í 78%. Árangurinn á Siglufirði og Hvammstanga sýnir að með markvissri vinnu er hægt að ná árangri.

Árið 2015 greindust 22 konur með leghálskrabbamein en voru 12 árið 2014 og 14 árið 2013. Þetta er áhyggjuefni hvort sem þetta er tilviljanakennt frávik eða merki um vaxandi tíðni. Frá því leit hófst 1964 hefur nýgengi leghálskrabbameins lækkað um 70% og dánartíðnin um 90%. Ennþá er meðaltalsþátttaka á landsvísu ekki nema 71% og lækkaði um 2% frá árinu 2014. Hæst var þátttaka 84% árið 1990 en markmið Leitarstöðvarinnar er að þátttaka verði yfir 80% ekki síðar en árið 2020 í samræmi við Evrópskar leitarleiðbeiningar.

Húsnæði Leitarstöðvarinnar var endurskipulagt og breytt um mitt sumar 2015 þannig að konur sem koma í leghálskrabbameinsleit hafa sér búningasklefa þar sem innangengt er í skoðunarrými. Þessar breytingar hafa líka leitt til flæðisbreytinga og bið eftir skoðun hefur nánast horfið.

Rafrænn aðgangur að leitarsögu, sem veitir læknum og ljósmæðrum með auðkenniskort, í gegnum gátt Embættis landlæknis sem veitir upplýsingar um hvenær síðasta leghálssýni var tekið og hvenær mælt er með nýju sýni hefur nánast komið í veg fyrir ofþöku leghálssýna sem áður var a.m.k. 35%. Oftekin sýni geta orsakað ofgreiningar og oflækningar sem geta valdið konum andlegu og líkamlegum álagi og skaða og þeim og þjóðfélaginu fjárhagslegum kostnaði.

Brjóstakrabbameinsleit

Brjóstakrabbameinsleit var með svipuðu sniði og undanfarin ár utan þess að brjóstaskoðunum í leghálssými var hætt 1. apríl 2015. Skortur á röntgenlæknum hefur ógnað starfseminni mörg undanfarin ár. Í júlí 2015 var undirritaður samningur milli Krabbameinsfélags Íslands og Landspítala með staðfestingu heilbrigðisráðherra um tilfærslu á sérskoðunum brjóstá til Landspítala. Samningurinn var endurnýjaður um síðustu áramót vegna þess að Landspítala hefur ekki tekist að finna viðeigandi húsnæði fyrir starfseminna.

Leitarstöðin leggur ríka áherslu á að biðtími vegna sérskoðana brjóstá sé stuttur og þrátt fyrir skort á röntgenlæknum hefur tekist að ráða tímabundið hollenskan og íslenskan röntgenlækni sem hafa hjálpað Leitarstöðinni að hafa stuttan biðtíma án þess að sá viðbótarkostnaður hafi fengist bættur.

Starfsemin

Í lok árs 2015 voru föst stöðugildi á Leitarstöðinni 22,15 en 24,8 í árslok 2014 en auk þess störfuðu verktakar í 2,5 stöðugildum en voru í 1,6 stöðugildum í lok árs 2014. Í árslok 2015 voru stöðugildi því samtals 24,65 en höfðu verið 26,4 ári áður. Ástæður fækkunar starfsmanna má rekja til skipulagsbreytinga og hagræðingar í rekstri.

Markhópur leghálskrabbameinsleitar er 23-65 ára. Í árslok 2015 voru 91.958 konur á þessum aldri búsettar á landinu og þar af fóru 22.602 (25%) í leghálsskoðun (tafla 1). Miðað við árslok 2015 höfðu 71% hópsins mætt síðustu þrjú og hálf ár, 79% síðustu fimm ár og 86% síðustu tíu ár (tafla 3). Tæp 8% höfðu aldrei mætt til leghálskrabbameinsleitar. Á árinu 2015 voru gerðar 23.331 skoðanir hjá 22.602 konum í leit að leghálskrabbameini (allir aldurshópar). Skoðaðar voru 13.971 konur (62%) í Leitarstöðinni og á heilsugæslustöðvum og 8.671 (38%) hjá sérfræðingum og sjúkrastofnunum (tafla 1).

Markhópur brjóstakrabbameinsleitar er 40-69 ára og var 58.812 kona á þessum aldri búsett hér á landi í árslok 2015. Fyrir landið í heild var tveggja ára þátttaka í þessum aldurshópi 58% en þetta þátttökuhlutfall hefur verið á bilinu 61-63% frá árinu 1994 (tafla 5). Í árslok 2015 höfðu 15% 40-69 ára kvenna aldrei mætt til brjóstakrabbameinsleitar með brjóstáröntgenmyndatöku.

Að lokum er öllu samstarfsfólki Leitarstöðvarinnar, Krabbameinsfélagsins og samstarfsaðila þakkað gott samstarf og vinnuframlag á árinu en án þess hefðu miklar skipulagsbreytingar á Leitarstöð ekki gengið eins vel og raun hefur orðið á.

Kristján Oddsson.

Tafla 1: Leghálsskoðanir 2015 eftir aldurshópum. Fjöldi kvenna.

	<i>Leitarstöð og heilsugæsla</i>	<i>Sérfræðingar og sjúkrastofnanir</i>	<i>Samtals</i>
Yngri en 23 ára	98	135	233
23-24 ára	580	584	1164
25-29 ár	1.248	1.633	2.881
30-39 ára	2.223	3.060	5.283
40-49 ára	3.421	1.885	5.306
50-65 ára	5.694	1.530	7.224
66 ára og eldri	386	125	511
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>13.650</i>	<i>8.952</i>	<i>22.602</i>
<i>– þar af 23-65 ára</i>			<i>21.858</i>

Tafla 2: Leghálsskoðanir 2015 eftir skoðunarstöðum. Fjöldi kvenna.

Leitarstöðin í Reykjavík	9.509
Heilsugæslustöðvar utan höfuðborgarsvæðisins	4.073
Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu	68
Kvensjúkdómalæknar á stofu	8.671
Sérfræðingar á sjúkrahúsum	281
<i>Fjöldi kvenna alls</i>	<i>22.602</i>

Tafla 3: Mæting 23-65 ára kvenna í leit að leghálskrabbameini, miðað við árslok 2015.

	<i>Mætt síðasta þrjú og hálf ár</i>	<i>Mætt síðustu fimm ár</i>	<i>Mætt síðustu tíu ár</i>
Reykjavíkurborg	69%	77%	84%
Vesturlandshérað	67%	79%	87%
Vestfirðahérað	72%	79%	83%
Norðurlandshérað vestra	76%	84%	88%
Norðurlandshérað eystra	73%	81%	89%
Austurlandshérað	77%	82%	88%
Suðurlandshérað	72%	82%	84%
Reykjaneshérað	72%	80%	87%
<i>Landið í heild</i>	<i>71%</i>	<i>79%</i>	<i>86%</i>

Tafla 4: Ýmsar upplýsingar um leit að brjóstakrabbameini.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi 40-69 ára kvenna sem komu í hópskoðun	16.336	15.114	16.015	16.362	16.409	17.048	16.709
Hlutfall endurinnkallaðra, 40-49 ára	6,1%	8,2%	7,7%	7,6%	6,7%	4,0%	5,1%
Hlutfall endurinnkallaðra, 50-69 ára	4,0%	4,2%	4,6%	4,2%	3,5%	2,4%	3,3%

Tafla 5: Mæting 40-69 ára kvenna í leit að brjóstakrabbameini, miðað við árslok 2015.

	<i>Mætt síðustu tvö ár</i>	<i>Mætt síðustu þrjú ár</i>	<i>Mætt síðustu fjögur ár</i>
40-44 ára	54%	62%	65%
45-49 ára	58%	69%	74%
50-54 ára	59%	70%	75%
55-59 ára	59%	69%	73%
60-64 ára	59%	70%	74%
65-69 ára	58%	69%	74%
<i>Landið í heild</i>	58%	68%	72%

Frumurannsóknastofa

Á frumurannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands eru rannsökuð frumusýni frá leghálsi kvenna. Flest sýnin eru tekin vegna hópleitar að forstigum leghálskrabbameins á vegum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Einnig berast sýni frá konum sem eru í eftirliti vegna frumubreytinga og sýni tekin á stofu hjá sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, ýmist í hópleit eða vegna einkenna hjá konunum. Starfsmenn frumurannsóknastofunnar voru 9 í árslok, lífeindafræðingar, frumugreinir, líffræðingur og meinafræðingur í samtals 8 stöðugildum. Lífeindafræðingur hélt fyrirlestur á árlegum notendafundi Hologic í Osló. Einnig fór meinafræðingur á fund um leghálskrabbameinsleit á Norðurlöndum sem haldinn var í Stokkhólmi.

Farið var að taka eingöngu á móti vökvásýnum frá landsbyggðinni og kvensjúkdómalæknum árinu. Hætt var að taka við hefðbundnum leghálsstrokum í lok janúar. Í byrjun árs hófust HPV-mælingar á sýnum sem í greinast vægar forstigsbreytingar. Einnig var byrjað að mæla sýni 65 ára kvenna sem mæta til leitar og þau sýni ekki skoðuð í smásjá nema í þeim mælist HPV-veiran, sem er áhættuþáttur fyrir leghálskrabbamein. Skoðun þessara sýna og allar HPV-mælingar eru gerðar í Svíþjóð.

Fjöldi sýna á frumurannsóknastofunni á árinu 2015 var 23.574. Endurskoðuð eru 10% eðlilegra sýna sem hluti af gæðaeftirliti. Forstigsbreytingar greindust í 2.505 sýnum eða tæpum 11%. Áfram var hlutfall ófullnægjandi sýna lágt eða 0,7%. Mælt var með leghálsspeglun og töku vefjasýnis 517 sinnum. Um 4% kvenna greindust með vægar forstigsbreytingar en reyndust HPV-neikvæðar en þær fara aftur inn í þriggja ára hefðbundið eftirlit. Um 7% kvenna fóru í áframhaldandi eftirliti.

Ingibjörg Guðmundsdóttir og Auður Eiríksdóttir.

Tafla 1: Fjöldi frumusýna frá leghálsi undanfarin fimm ár.

	2011	2012	2013	2014	2015
Heildarfjöldi sýna	26.905	33.098	33.268	23.160	23.574
Hefðbundin frumusýni	15.595	19.990	19.610	12.466	466
Vökvásýni	11.310	13.107	13.658	10.694	23.108
Hlutfall vökvásýna af öllum sýnum	42%	40%	41%	46%	98%
Forstigsbreytingar	1.502	2.361	1.978	1.588	2.505
Hlutfall af öllum sýnum	5,6%	7,1%	5,9%	6,9%	10,6%

Tafla 2: Samanburður á niðurstöðum úr frumugreiningu og vefjagreiningu árið 2015.

	<i>Vefjagreining</i>			
	<i>Eðlileg sýni, bólg</i>	<i>Vægar forstigsbreytingar, veirubreytingar</i>	<i>Meiriháttar forstigsbreytingar og ífarandi krabbamein</i>	
<i>Frumugreining</i>				
Endurteknar, vægar forstigsbreytingar	29 (15%)	104 (53%)	64 (32%)	197
Óljósar forstigsbreytingar, meiriháttar breytingar, og ífarandi krabbamein	28 (9%)	85 (27%)	207 (64%)	320
				517

Aðalfundur 2015

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 10. maí 2015, að Skógarhlíð 8 Reykjavík, og hófst hann kl. 9:00. Mættir voru 41 fundarmaður. Jakob Jóhannsson, formaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Lagði hann til að fundarstjóri yrði Jóhann Sæberg Helgason, formaður Krabbameinsfélags Austfjarða, og fundarritari Thelma Hjaltadóttir frá Krabbameinsfélaginu Sigurvon á norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum og var það samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Jakob Jóhannsson, formaður Krabbameinsfélags Íslands, flutti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár. Þar kom meðal annars fram að stofnfé nýs Vísindasjóðs félagsins var komið í 200 milljónir króna en flest aðildarfélögin tóku þátt. Þá hrósaði hann hve vel var staðið að endurbótum á húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð og sagði húsið vera þjóðargjöf og því mikilvægt að það væri í góðu standi.

Einna mestu athygli í ræðu formanns vakti sú staðreynd að í fyrsta sinn í sögu félagsins færi dánartíðni krabbameins minnkandi þó svo að nýgreiningum færi fjölgandi. Hann sagði forvörn í fræðslu, til að mynda tengda Bleikum október og Mottumars afar mikilvæga. Þá hafi fræðsluáttak verið sérstaklega öflugt í ár samanber leitina að týndum konum í október og mottumarsmyndbandið sem fékk 100.000 áhorf í mars. Þá hefði hann trú á að á næstu misserum yrði hafin skipulögð leit að ristilkrabbameini sem væri afar mikilvægt skref. Félagið réði í apríl 2015 dr. Sunnu Guðlaugsdóttur meltingarlækni til að leggja grunn að skipulegri leit að ristilkrabbameini í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld. Jafnframt væri það mikilvægur áfangi að hafnar séu HPV-mælingar, en slíkar mælingar gera leit að leghálskrabbameini markvissari og marka þáttaskil í leghálskrabbameinsleit á Íslandi. Þannig sé hægt að skipta konum upp í áhættuhópa sem er mikilvæg þróun varðandi leitarstarfið.

2. Endurskoðaður reikningur félagsins lagður fram til samþykktar.

Sigurður P. Sigmundsson gjaldkeri stjórnar lagði fram ársreikninga. Í máli hans kom fram að félagið stæði vel. Reikningarnir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Stjórnarkjör.

Stungið var upp á endurkjöri meðstjórnendanna Árna Einarssonar, Huldu Bjarnadóttur og Friðriks Vagns Guðjónssonar til tveggja ára sem var samþykkt. Fyrir í stjórn, kosnir í fyrra til tveggja ára eru Jakob Jóhannsson formaður og meðstjórnendurnir Jón Þorkelsson, Sigurður P. Sigmundsson og Stefán Eiríksson.

4. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.

Uppstillingarnefnd stakk upp á endurkjöri aðalmannanna Birnu Guðmundsdóttur og Jóns Auðuns Jónssonar auka varamannsins Ragnheiðar Guðmundsdóttur og var það samþykkt.

5. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.

Álfheiður Hjaltadóttir, Nanna Friðriksdóttir, Þóra Hrönn Njálisdóttir og Þórarinn Sveinsson gáfu kost á sér áfram og voru þau endurkjörin. Guðrún Sigurjónsdóttir hafði verið í nefndinni í fjögur ár og var því ekki lengur kjörgeng en kosinn var í hennar stað Sigurður Jón Ólafsson, fyrrv. formaður Stómasamtakanna.

6. Önnur mál.

Svohljóðandi ályktun var samþykkt með öllum samþykktum atkvæðum: Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands, haldinn 9. maí 2015, lýsir þungum áhyggjum vegna þess hvernig yfirstandandi vinnudeilur ógna sjúklingum. Fundurinn skorar á deiluaðila að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja samfellu í meðferð og þjónustu og draga úr áhyggjum sjúklinga og fjölskyldna þeirra.

Ester Ólafsdóttir og Margrét Grímلاغ Kristjánsdóttir frá Krabbavörn Vestmannaeyjum, greindu frá tveimur framtökum frá árinu er einstaklingar styrktu félagið. Að máli sínu loknu afhentu þær Krabbameinsfélaginu

500.000 króna framlag til nota við rekstur og viðhald íbúða félagsins. Sigrún Lillie Magnúsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafabjónustunnar sem hefur umsjón með íbúðunum, tók við ávísuninni og sagði framlagið ómetanlegt enda hefðu íbúðirnar verið mikið nýttar á árinu. Það væri mikilvægt að koma til móts við landsbyggðarfólk með þessum hætti.

Guðmundur Gunnarsson, stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi Skagafjarðar, sagði frá starfi félags síns og vel heppnuðu söfnunarátaki Kiwanisklúbbsins Drangey fyrir kaupum á nýju skimunartæki við Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki. Tækið var formlega afhent í marsmánuði og greindi Guðmundur frá því að byrjað væri að skima fyrir ristilkrabbameini í Skagafirði sem var fagnað með lófataki fundarmanna.

Sigríður Snæbjörnsdóttir var kjörin í heiðursráð Krabbameinsfélags Íslands í þakkarskyni fyrir starf í þágu félagsins.

Jón Þorgeir Hallgrímsson, fyrrum formaður félagsins og stjórnarmeðlimur þess, rifjaði upp upphaf krabbameinsleitar á Íslandi. Sagðist hann hafa farið um allt land ásamt Guðlaugu Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðingi og skoðað konur við ýmsar aðstæður en þetta var fyrir tíð heilsugæslustöðva.

Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, þakkaði skemmtilegar umræður. Hún sagði að sagan væri virt enda full af miklu frumkvæði sem hafi haft áhrif á þróun góðra verka í samfélaginu. Í máli hennar kom jafnframt fram að áhersla væri lögð á fræðslu og rannsóknir ekki síst undirbúning skimunar á ristilkrabbameini í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld. Hún tók fram að almenn umræða um félagið væri jákvæð og margir sýni málefniinu stuðning. Varðandi Mottumarsátakið benti Ragnheiður á að skýrslur vegna átaksins væru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Ágóði átaksins fari vissulega í starf fyrir bæði kynin en það væri ekki vegna kynjabundins misréttis heldur bjóði vísindin ekki upp á sérstaka leit einungis fyrir karlmenn. Bæði Mottumars og Bleika slaufan snerust ekki síður að fræðslu og árvekni en fjársöfnun sem nýtt væri í verkefni sem gagnist báðum kynjum.

Jakob Jóhannsson formaður sleit fundi kl. 11:55 með þeim orðum að þetta hefði verið ákaflega góður og jákvæður fundur.

Aðalfundarauki var á Radisson BLU / Hóтели Sögu og hófst kl. 13:00.

Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskráar, ræddi um gildi vísindarannsókna. Hún sagði íslensku Krabbameinsskrána vera í hæsta gæðaflokki. Þar byggju Íslendingar vel að því að vera lítil þjóð sem gerir skráningu auðveldari og næði skráin því 99% þekju yfir öll skráð tilfelli. Mikið samstarf væri við norrænar og evrópskar skrár, til að mynda hvað varðar rannsóknir og samræmingu skráa.

Stefán Eiríksson, varaformaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands, kynnti nýjan vísindasjóð. Sagði hann að mikilvægt væri að sjóðurinn yrði stór og öflugur strax í byrjun. Markmiðið væri að styrkja íslenskar krabbameinsrannsóknir. Úthluta má allt að 10% af höfuðstól á ári. Þá sé fyrirtækjum frjálst að koma með framlag og leggja þannig rannsóknum lið. Sjóðnum verði stýrt af sjö manna stjórn sem kosin er til tveggja ára. Ekki sé hægt að sitja í stjórninni lengur en fimm ár í senn.

Sunna Guðlaugsdóttir meltingarlæknir sagði frá undirbúningi skipulagðrar leitar að ristilkrabbameini meðal landsmanna í samstarfi við heilbrigðisyfirvöld. Álitamál sé hvaða leið eigi að fara. Þá komi til greina próf fyrir leyndu blóði í hægðum, stutt ristilspeglun og löng ristilspeglun. Á ári hverju greinist 135 ný tilfelli en ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbameinið í hinum vestræna heimi. Þá deyi að meðaltali einn sjúklingur í viku hverri úr sjúkdómnum hérlendis.

Thelma Hjaltadóttir.

Aðildarfélög Krabbameinsfélags Íslands

Stofndagur Félagar

Svæðafélög:

Krabbameinsfélag Reykjavíkur	8. 3. 1949	1.015
Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis	9. 2. 1969	300
Krabbameinsfélag Borgarfjarðar	14. 2. 1970	260
Krabbameinsfélag Snæfellsness (og Von)	27. 9. 2005	85
Krabbameinsfélag Breiðfirðinga	19. 10. 2005	35
Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar	30. 11. 1970	75
Krabbameinsfélagið Sigurvon (og Vinir í von)	4. 11. 2001	300
Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs	13. 10. 1968	70
Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu (og Samhugur)	2. 11. 1968	200
Krabbameinsfélag Skagafjarðar (og Dugur)	12. 6. 1966	420
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis (og Norðankraftur)	21. 11. 1952	1.355
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga	28. 8. 1968	400
Krabbameinsfélag Norðausturlands	18. 8. 1970	85
Krabbameinsfélag Austurlands	20. 4. 1970	155
Krabbameinsfélag Austfjarða	21. 4. 1970	485
Krabbameinsfélag Suðausturlands	21. 4. 1970	150
Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu	6. 5. 1971	30
Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu	7. 5. 1971	105
Krabbameinsfélag Árnessýslu (og Bandið og Brosið)	29. 5. 1971	300
Krabbavörn Vestmannaeyjum (og Eyjarós)	25. 4. 1949	265
Krabbameinsfélag Suðurnesja (og Sunnan 5)	15. 11. 1953	950
Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar	10. 4. 1949	480

Stuðningshópar:

Brjóstaheill – Samhjálp kvenna	1979	100
Framför	12. 2. 2007	
Kraftur	1. 10. 1999	550
Ný rödd	20. 12. 1980	20
Ristilfélagið	30. 6. 2009	65
Stómasamtök Íslands	16. 10. 1980	300
Styrkur	20. 10. 1987	350

Hópar sem starfa með Krabbameinsfélagi Reykjavíkur (á landsvísu):

Góðir hálsar (stuðningshópur um blöðruhálskirtilskrabbamein)	6. 12. 2000	125
Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum	27. 2. 2002	20

Hópar sem starfa með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins (á landsvísu):

Carcinoid-hópurinn	5. 2. 2013
Frískir menn (virkt eftirlit)	20. 3. 2014
Lungnahópurinn	17. 11. 2011
Perluvinir (mergæxli)	11. 11. 2015

9.060

Krabbameinsfélag Reykjavíkur



Stofnað: 8. mars 1949. Félagsmenn: 1.015 (þar af 56 ævifélagar).
Skrifstofa: Skógarhlíð 8, Reykjavík. Póstfang: Pósthólf 5420, 125 Reykjavík.
Sími: 540 1900. Fax: 540 1910. Vefsíða: www.krabb.is/reykjavik
Framkvæmdastjóri: Guðlaug B. Guðjónsdóttir (gbg@krabb.is).

Stjórn kosin á aðalfundi 14. mars 2016:

Formaður: Árni Einarsson, Eiðistorgi 3, 170 Seltjarnarnesi 561 1208 arni@forvarnir.is
Varaformaður: Ásgerður Sverrisdóttir
Gjaldkeri: Jón L. Árnason
Ritari: Birna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi: Arnar Hauksson
Meðstjórnandi: Vala Smáradóttir
Meðstjórnandi: Þórunn Sævarsdóttir
Varamenn: Atli Már Sveinsson, Skúli Jón Sigurðarsson og Þorbjörg Guðmundsdóttir.

Starfsemi 2015-2016

Stjórnarfundir voru níu milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn.

Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Í samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá mars 2014 er kveðið á um fræðslu- og fagrád sem skuli skipað fimm manns og tveimur til vara. Þrír aðalmenn eru tilnefndir af Krabbameinsfélagi Íslands og tveir frá Krabbameinsfélag Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur er starfsmaður ráðsins. Ráðið á að marka stefnu í fræðslumálum Krabbameinsfélagsins og leggja fram framkvæmda- og kostnaðaráætlun, þar sem gerðar eru tillögur um helstu verkefni komandi árs. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir endurskoðun á samningi félaganna í febrúar 2015. Formenn félaganna hafa verið með málið í vinnslu.

Útgáfumál

Fræðsluritið „Krabbamein í blöðruhálskirtli“ var endurgert. Fræðsluspjaldið „Skilaboð til karla“ var endurprentað. Leiðbeiningar fyrir karla sem eru nýgreindir með krabbamein í blöðruhálskirtli er breskt yfirgrípsmikið efni sem var þýtt og staðfært. Efnid, sem verður á vefnum, er í lokayfirlestri hjá þvafærasérfræðingum á Landspítalanum. Stuðningshóparnir Frískir menn og Góðir hálsar standa að útgáfu efnisins með aðstoð félagsins. Styrkur úr Velunnarasjóði Krabbameinsfélagsins fékkst til verkefnisins.

Fræðslumyndir

Vinna er hafin við gerð fræðslumyndar um skaðsemi reykinga. Hugmyndin er að gera fræðslumynd um skaðsemi reykinga í heild og gera hana þannig að hægt sé að búta hana niður og nýta í auglýsingar, þar sem einstaklingar lýsa því hvaða skaðlegu afleiðingar reykingar hafa/höfðu á viðkomandi. Krabbameinsfélag Reykjavíkur óskaði eftir samstarfi við fleiri aðila sem barist hafa gegn reykingum og það varð úr að Samtök lungnasjúklinga, Hjartavernd, Hjartaheill og Astma- og ofnæmisfélag Íslands eru samstarfsaðilar okkar við gerð myndarinnar. Þessir hópar hafa greiðan aðgang að fagfólki og „sjúklingum“. Páll Kristinn Pálsson kvikmyndagerðarmaður gerir myndina með okkur og samstarfsaðilarnir tilnefndu Karl Andersen hjartalækni sem faglegan ráðgjafa en fleiri sérfræðilæknar og heilbrigðisstarfsfólk koma að vinnunni. Veglegur styrkur fékkst frá Lýðheilsusjóði og verið er að vinna að því að fá fleiri styrki til að standa straum af kostnaði.

Tóbaksvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur haldið reglulega reykleysisnámskeið þar sem þátttakendur hittast átta sinnum á þriggja mánaða tímabili. Að námskeiði loknu er þátttakendum fylgt eftir í eitt ár. Á starfsárinu var aðeins eitt námskeið með 13 þátttakendum. Leiðbeinandi er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur

sem veitir einnig einstaklingsráðgjöf, ráðgjöf til fyrirtækja og hefur farið í viðtöl í fjölmiðlum. Félagið hefur boðið aðildarfélögum Krabbameinsfélagsins að aðstoða þau ef þau vilja standa fyrir reykleysisnámskeiðum á sínum félagasvæðum.

Mikilvægt er að efla meðferð til reykleysis þar sem reykingar eru stærsti áhættuþáttur krabbameins. Félagið fékk styrk úr Lýðheilsusjóði til að vinna sérstaklega að því að ná til hópa sem af ýmsum félags- og menningarlegum ástæðum hefur gengið illa að ná til með tóbaksvarnir og reykleysisupplýsingar. Í haust var skipaður ráðgjafarhópur til að vinna að verkefninu sem við nefnum „Líf án tóbaks“. Hópin skipa Jón Steinar Jónsson heilsugæslulæknir, Rósa Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, Karitas Ívarsdóttir ljósmóðir, Þóra Magnea Magnúsdóttir kennari og sérfræðingur í fræðslumálum, Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagsins, auk Árna formanns félagsins og Guðlaugar framkvæmdastjóra. Ráðgjafarhópurinn hefur fundað reglulega og ákvað að einbeita sér til að byrja með að ófrískum konum sem reykja. Verið er að ganga frá framkvæmdaáætlun verksins.

Norrænn fundur félagasamtaka í tóbaksvörnum var haldinn í Helsinki í september sl. sem Guðlaug sótti. Árni formaður, Ásgerður varaformaður og Guðlaug framkvæmdastjóri voru meðhöfundar að grein sem birtist í Fréttablaðinu um rafrettur ásamt 14 öðrum einstaklingum þar sem varað var við almennri notkun rafretta. Mikil umræða hefur verið að undanförmu um rafrettur.

Að undirlagi Krabbameinsfélags Reykjavíkur var bréf sent í febrúar til heilbrigðisráðherra þar sem óskað er eftir upplýsingum um stöðu stefnumótunar í tóbaksvörnum og innleiðingu Evróputilskipana á sviði tóbaksvarna. Forstjóri Krabbameinsfélagsins og formaður Læknafélag Íslands skrifuðu undir bréfið. Félagin telja að tafarlaust þurfi að undirbúa markvissar aðgerðir til að stemma enn betur stigu við allri tóbaksnotkun, meðal annars með því að frekari takmarkanir verði settar í lög til að vernda börn og ungmenni. Setja þarf ákvæði vegna rafretta og ákveða hvort fella eigi þær undir tóbaksvarnarlög.

Læknafélag Íslands, Embætti landlæknis og Krabbameinsfélagið eru að undirbúa málþing, sem væntanlega verður í haust, um tóbaksvarnir. Við undirbúning þess viljum við gjarna taka mið af stefnumótun hins opinbera í tóbaksvörnum. Guðlaug situr í fagráði landlæknis um tóbaksvarnir og er varamaður í stjórn Lýðheilsusjóðs.

Hættan er ljós og samnorrænt átak

Tólf ár eru síðan átaksverkefnið „Hættan er ljós“ hófst en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embættis landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Stefna hópsins er að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja. Árlega er gerð könnun átakshópsins á ljósabekkjanotkun landsmanna og haldið er áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Niðurstöður síðustu könnunar staðfesta minnkandi notkun ljósabekkja hér á landi og að fáir undir 18 ára aldri noti ljósabekki. Um 11% fullorðinna (eldri en 18 ára) notuðu ljósabekki síðustu tólf mánuðina áður en könnunin var gerð, en þessi tala var um 30% árið 2004 þegar átakið hófst. Í könnuninni var ennfremur spurt hvort viðkomandi hefði brunnið af völdum sólar eða ljósabekkja á síðastliðnum tólf mánuðum. Með bruna er átt við að roði myndist á húð ásamt því að sviði sé til staðar. Um 75% þeirra sem svöruðu höfðu ekki brunnið, sem er nokkuð há tala í samanburði við tölur í erlendum rannsóknum. Í tilefni af alþjóðlegum árveknimánuði um sortuæxli í maí sl. tókum við þátt með Krabbameinsfélagi Íslands að skipuleggja greinaskrif og viðtöl í fjölmiðlum um sólarvarnir. Verið er að kanna möguleika á blettadegi í samstarfi við húðlækna í vor. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini.

Bleiki mánuðurinn

Í bleika mánuðinum, í október 2015, var aðstoðað við yfirlestur gagna og setnir samráðsfundir. Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Brjóstaeill – Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins stóðu fyrir málþingi um erfðir og brjóstakrabbamein undir yfirskriftinni „Viltu vita“.

Mottumars

Framkvæmdastjóri hefur setið samráðs- og undirbúningsfund og aðstoðað með yfirllestur á greinum og við að útbúa ýmiss konar fræðslu- og upplýsingagögn.

Nemendur og skólar

Ætíð er nokkuð um að starfsfólk félagsins aðstoði nemendur og kennara framhaldsskóla og háskóla við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

SAFF, samstarf félagasamtaka í forvörnum

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, SAFF, hafa umsjón með ýmsum verkefnum í forvörnum. Um 25 samtök standa að SAFF. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn ráðsins. Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í „Viku 43“ sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum. Í „Viku 43“ var að þessu sinni áhersla á mikilvægi þess að skapa börnum og ungmennum góðar forsendur til mótnar jákvæðrar sjálfsmyndar undir yfirskriftinni „Hvernig líkar barninu þínu við sig?“ Fulltrúar stjórnar SAFF fóru á fund félagsmálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur, og afhentu henni yfirlýsingu Viku 43 í innrömmuðu skjali. Félagið er einnig þátttakandi í átakinu „Verum vakandi“ sem er vakningarátak sömu aðila og standa að Viku 43 og snýr að skaðsemi kannabis undir yfirskriftinni „Bara gras?“.

SAFF endurtók fyrra árs áskorun til alþingismanna þar sem það mótmælti frumvarpi um að fella úr gildi einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og gefa smásölu áfengis frjálsa upp að ákveðnu marki. Unnið var áfram að greinaskrifum í fjölmiðlum og umræðu á samfélagsmiðlum.

Vefsíðumál og og samfélagsmiðlar

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur styrkt gerð nýrrar vefsíðu Krabbameinsfélagsins með fjármagni og vinnuframlagi. Fésbókarsíða Krabbameinsfélags Reykjavíkur er notuð til koma á framfæri því sem félagið stendur fyrir og til að styrkja stöðu þess.

Stuðningur við sjúklinga

Tveir stuðningshópar, sem eru ekki formlegir aðilar að Krabbameinsfélagi Íslands, starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í kvenlíffærum (áður krabbamein í eggjastokkum). Hóparnir hafa undanfarin ár haldið sameiginlegan adventufund þar sem rithöfundar hafa komið og lesið úr bókum sínum og boðið er upp á tónlistar- og skemmtiatriði. Góðir hálsar tóku þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlurnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast um gildi jafningjastuðnings. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Fríska menn og Kraft. Félagar í Góðum hálsnum hafa verið öflugir við að veita stuðning við nýgreinda þegar eftir því hefur verið leitað. Stuðningshópi kvenna með krabbamein í eggjastokkum var breytt á starfsárinu þannig að fleiri krabbamein tengd kvenlíffærum falli undir einn og sama stuðningshópinn. Kvensjúkdóma-, krabbameins- og heimilislæknar fengu bréf þar sem þessi breyting var kynnt og þeir hvattir til að benda sínum skjólstaðingum á hópinn. Báðir hóparnir hafa tekið þátt í samstarfsfundum stuðningshópanna sem Ráðgjafarþjónustan boðar til.

Félagið er í góðu samstarfi við stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðsluefnis, árskýrslna, yfirllestur, við skipulag funda og fleira.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómastamtökin héldu áfram að senda út afmæliskortið „Gefðu þér góða afmælisgjöf“, til þeirra sem urðu fimmtugir á árinu, með skilaboðum um mikilvægi þess að gefa sjálfum sér þá gjöf að fara í ristilskoðun. Roche-lyfjafyrirtækið, sem er hluti af Icepharma, hefur styrkt gerð og útsendingu afmæliskortanna.

Styrkveitingar

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru ellefu, að fjárhæð rúmar 670.000 krónur.

Happdrættið

Happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur verið ein helsta tekjulind Krabbameinsfélags Reykjavíkur í sextú ár og hefur gegnum árin gert félaginu kleift að sinna fræðslustarfinu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir byggist að miklu leyti á happdrættisfé og að happdrættið eigi sinn þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum síðustu áratugi. Á síðasta ári var ákveðið var að hækka verð hvers miða úr 1.250 kr. í 1.500 kr. en miklar kostnaðarhækkanir hafa orðið og sérstaklega varðandi póstkostnað. Heildarsala happdrættismiða í sumarhappdrættinu varð aðeins betri en árið áður en sölutölur í jólahappdrætti nokkru lakari. Í samstarfssamningi Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Íslands er ákvæði um stjórn happdrættis Krabbameinsfélagsins. Í stjórn happdrættisins eru tveir fulltrúar hvors félags þar af báðir gjaldkerar þeirra. Hlutverk stjórnar happdrættisins er að ákvarða hvernig skipting allra tekna happdrættisins verði. Jafnframt að hafa eftirlit með rekstri og reikningsskilum happdrættisins.

Fjármál

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð um rúma hálfu milljón króna. Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar félagsins eru rúmar 56,7 milljónir króna og hækkuðu um tæpar 6,9 milljónir króna milli ára. Kostnaður við fræðslustarfsemi var rúmar 18 milljónir króna. Árið 2015 skilaði happdrættið félaginu um 25,1 milljónum króna í tekjur. Þessar upphæðir eru fyrir utan lífeyrisskuldbindingar og greiddan lífeyri. Á árinu fékk félagið óvenju mikla styrki og framlög. Aðrir tekjuliðir eru félagsgjöld og merkjasala, auk vaxtatekna.

Samstarf við ýmsa aðila

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn 9. maí 2015. Formannafundur Krabbameinsfélaganna var haldinn í október 2015 í Reykjavík. Þetta var ákveðið með stuttum fyrirvara. Árni formaður var fundarstjóri en auk hans mættu Ásgerður varaformaður og Gunnar Már gjaldkeri. Gjaldkeri okkar félags, Gunnar Már Hauksson, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins.

Vegna formennsku Krabbameinsfélags Íslands í Nordic Cancer Union (NCU) frá ársbyrjun 2015 var óskað eftir því við Krabbameinsfélag Reykjavíkur að það legði frá maí til ársloka til 15% stöðugildi til að aðstoða við það verkefni. Var þetta samþykkt og Guðlaug tók að sér að aðstoða Ragnheiði Haraldsdóttur formann NCU, við ýmis skipulagsverkefni.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur átt gott samstarf við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, hefur aðstoðað við afleysingar í sumarfrí starfsmanna, við útgáfumál, málþing og ráðstefnur sem Ráðgjafarþjónustan stendur fyrir, og mun áfram styðja starfsemina eftir bestu getu.

Húsnefnd hefur verið starfandi mörg undanfarin ár og er framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur í nefndinni. Lokaúttekt á framkvæmdum við endurbætur á klæðningu og gluggum húss Krabbameinsfélagsins var í október sl.

Mörg verkefni félaganna eru unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Gott samstarf er við starfsfólk Leitarstöðvarinnar og félagið aðstoðar við yfirlestur á ýmsum gögnum Leitarstöðvarinnar. Öðrum sviðum Krabbameinsfélags Íslands er líka veitt aðstoð við yfirlestur gagna og með þátttöku í skipulagningu ýmissa verkefna. Einnig hefur Guðlaug aðstoðað við útgáfu ársskýrslu Krabbameinsfélagsins. Óskað var eftir yfirlestri Jónasar og Guðlaugar á krabbameinsáætluninni.

„Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins“ var haldið í júní sl. og var Guðlaug í undirbúningshópi hlaupsins.

Félagið hefur átt gott samstarf við aðildarfélög og stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, Morgunblaðið, Icepharma, Smáralind, starfsmenn Fræðslu og forvarna (FRÆ) og fleiri. Einnig má minnst á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka og Advania varðandi happdrættið og fleira.

Guðlaug B. Guðjónsdóttir og Árni Einarsson.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis



Stofnað: 9. febrúar 1969. Félagsmenn: 300.

Póstfang: Pósthólf 107, 300 Akranesi.

Netfang akranes@krabb.is, vefsíða www.krabb.is/akranes

Skrifstofustjóri: Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2016:

Formaður: Ólöf Inga Birgisdóttir

894 8835 olofbirgis@gmail.com

Gjaldkeri: Alma Auðunsdóttir

Meðstjórnandi: Auður Finnbogadóttir

Meðstjórnandi: Arndís Halla Jóhannesdóttir

Meðstjórnandi: Jóna Björk Sigurjónsdóttir

Starfsemi 2015-2016

Eins og undanfarin ár var október annasamur og upplífandi. Fyrstu slaufunni var að þessu sinni nælt í baráttukonuna, Svanhvíti Sveinsdóttur, sem greindist með brjóstakrabbamein fyrir mörgum árum og sigraðist á því og hefur lifað góðu og innihaldsríku lífi síðan þá. Þann 15. október 2015 blés Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis, í samstarfi við Akraneskaupstað og verslanir og þjónustuaðila á Akranesi, til bleiku stuðningsgöngunnar. Gengið var frá stjórnsýsluhúsinu við Stillholt sem leið lá að bleiklýstu Akratorgi undir taktföstu spili trommusveitar Tónlistarskólans. Skemmtidagskrá var á torginu þar sem Arndís Halla stjórnarmaður og baráttukona hélt stutt ávarp auk þess sem Margrét Saga og Marinó Raven fluttu tónlistaratriði sem og Rakel Rún og María Dís. Einnig voru dregnir út veglegir happdrættisvinningar sem fyrirtæki á svæðinu létu af hendi rakna. Meðal vinninga var gjafabréfi í ristilspeglun hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands en markmiðið með árverknisátaki Bleiku slaufunnar var að afla fjármagns þannig að hefja mætti skipulega leit að ristilkrabbameini í konum og körlum. Mögulega var þetta í fyrsta sinn sem ristilspeglun er happdrættisvinningur. Verlsanir og þjónustuaðliar tóku vel í beiðni okkar um þátttöku og kunnum við þeim bestu þakkir.

Í byrjun árs 2016 var rökkurganga í skógræktinni líkt og gert hafði verið undanfarin tvö ár. Þóra Grímsdóttir sagnaþulur leiddi gönguna og sagði skemmtilegar sögur.

Á fundi í janúar var sett fram dagskrá fyrir næstu mánuði, en Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis stóð fyrir litlum viðburðum nokkuð reglulega. Markmið viðburðanna var að krabbameinsgreindir og aðstandendur þeirra gætu hist, spjallað saman, haft gaman. Umsjónarmaður var Arndís Halla Jóhannesdóttir. Meðal viðburða var ganga í skógræktinni, kaffihúshittingur, þrjónahittingur og samvera á bókasafninu.

Líkt og áður var mars helgaður körlunum okkar og reyndum við að ná til þeirra með því að auglýsa karla-kvöld á Vitakaffi þann 11.mars, sem saman stóð af fræðslu- og skemmtidagskrá, en mætingin var dræm. Helgina 11.-13. mars var mottumarsvarningur seldur og gekk það vel.

Í mars barst Krabbameinsfélagi Akraness og nágrennis góð gjöf frá Elkem Grundartanga, en það var vegleg peningagjöf í minningu um látna samstarfsmenn.

Jóga-námskeið voru haldin að hausti og vori og eru þau alltaf jafn vel sótt. Líkt og áður var það Margrét Bára Jósefsdóttir sem sá um þau. Jógað er sívinsælt og er orðinn fastur liður í starfseminni. Jógað fór fram í húsnæði Hver á vorönninni og gekk það vel. Starfsárið hefur gengið vel.

Ólöf Inga Birgisdóttir.

Krabbameinsfélag Borgarfjarðar



Stofnað: 14. febrúar 1970.

Félagsmenn: Um 260.

Stjórn kosin á aðalfundi í nóvember 2015:

Formaður: Sigríður Helga Skúladóttir, Þórólfsögötu 17a, 310 Borgarn. 898 9246 sigga.sk@simnet.is

Varaformaður: Sæunn Elfa Sverrisdóttir, Hlöðutúni, 311 Borgarnesi

Ritari: Halla Magnúsdóttir, Kveldúlfsgötu 16, 310 Borgarnesi

Gjaldkeri: María Þórarinsdóttir, Mávakletti 6, 310 Borgarnesi

Meðstjórnandi: Líney Traustadóttir, Bjargarsteini, 311 Borgarnesi

Starfsemi 2015

Félagið tók þátt í fjáröflun á haustdögum. Í bleika mánuðinum var talsvert um að vera ýmist fyrir okkar tilstuðlan eða annarra, m.a hélt Tónlistarskólinn tónleika til styrktar Krabbameinsfélagi Borgarfjarðar. Aðalfundur félagsins var haldin um miðjan nóvember og fengum við til okkar gesti bæði frá Krafti og Ráðgjafarþjónustunni. Var þá stjórnin endurkjörin og reikningar samþykktir. Eitt aðalmarkmið félagsins er og hefur verið að styðja við bakið á krabbameinssjúklingum á svæðinu og voru veittir styrkir og greitt fyrir húsaleigu til allmargra einstaklinga á árinu 2015.

Formaður sat formannafund Krabbameinsfélagsins í Reykjavík í október og hefur sinnt trúnaðarstörfum og átt gott samstarf við Krabbameinsfélag Íslands og Ráðgjafarþjónustuna.

Sigríður Helga Skúladóttir.

Krabbameinsfélag Snæfellsness



Stofnað: 27. september 2005.

Félagsmenn: Um 85.

Stuðningshópur: Von. Upplýsingar gefur Margrét Hjálmarsdóttir, sími 864 1767.

Stjórn kosin 28. apríl 2015:

Formaður: Sveinbjörg Eyvindsdóttir, Hellnum, 356 Snæfellsbæ 866 5237 bro88@simnet.is

Gjaldkeri: Magnea Sigurbj. Kristjánsdóttir, Fornu-Fróðá, 356 Snæf.

Ritari: Guðmunda H. Þórðardóttir, Bárðarási 1, 360 Snæfellsbæ

Meðstjórnandi: Svanborg Siggeirsdóttir, Sundabakka 16, 340 Stykkishólmi

Meðstjórnandi: Margrét Hjálmarsdóttir, Fagurhólstúni 14, 350 Grundarf.

Starfsemi 2015-2016

Stuðningshópurinn Von í Grundarfirði hefur eins og undanfarin ár haldið sína mánaðarlegu fundi fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Að venju hefur félagið tekið þátt í dvalarkostnaði vegna lækninga fjarri heimabyggð. Nokkrar beiðnir um aðra fjárstyrki bárust sem hægt var að sinna.

Sveinbjörg Eyvindsdóttir.

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga



Stofnað: 19. október 2005.

Félagsmenn: 35.

Stjórn kosin á aðalfundi 13. ágúst 2015:

Formaður: Jóna Valgerður Kristjánsd., Mýrartungu 2, 380 Reykh. 893 6396 j.valgerdur@gmail.com

Ritari: Þrúður Kristjánsdóttir, Sunnubraut 19, Búðardal

Gjaldkeri: Ingibjörg Kristjánsdóttir, Garpsdal, Reykhólahreppi

Meðstjórnandi: Indíana S. Ólafsdóttir, Hellisbraut 16, Reykhólum

Meðstjórnandi: Edda Tryggvadóttir, Búðardal

Varamenn: Skjöldur Orri Skjaldarson Búðardal, og Guðrún Björnsdóttir Búðardal.

Starfsemi 2015

Krabbameinsfélag Breiðfirðinga var stofnað 19. október 2005 að Laugum í Sælingsdal og eru félagar nú 35. Félagsgjald er 2.000 kr. Eitt kvenfélag er styrktaraðili. Félagið varð tíu ára á árinu.

Aðalfundurinn árið 2015 var haldinn 13. ágúst í Króksfjarðarnesi. Á fundinn mætti Sigrún Lillie Magnúsdóttir frá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands og sagði frá starfinu, sem er alltaf að aukast. Hún sagði frá mörgum nýjungum og frá ýmsum rannsóknum á krabbameini. Var henni þakkað fyrir frábært erindi. Við höldum aðalfundina til skiptis í Reykhólahreppi, Saurbæ og Búðardal. Við kynnum þar ýmis fræðslurit sem Krabbameinsfélagið gefur út.

Einn stjórnarfundur var haldinn á árinu og nokkrir símafundir, en stjórnin heldur aðallega símafundi vegna fjarlægðar á milli stjórnarmanna. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir mætti á aðalfund Krabbameinsfélags Íslands sem haldinn var í maí 2015 og sat einnig formannafund Krabbameinsfélagsins sem haldinn var í Hannesarholti í Reykjavík í október 2015.

Við höfum nokkrum sinnum sent auglýsingu inn á hvert heimili á svæðinu þar sem við kynnum íbúðir fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur sem Krabbameinsfélagið á í Reykjavík og jafnframt að við greiðum dvalarkostnað þeirra sem þar dvelja af okkar félagssvæði þegar þeir þurfa á að halda vegna krabbameinsmeðferðar í Reykjavík. Einnig greiðum við fyrir fólk sem þarf að vera á sjúkrahótelum Landspítalans. Við lögðum 100.000 kr. í stofnframlag í Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Reykhólakirkja var lýst upp með bleiku ljósi í október og var það í þriðja skipti sem það er gert. Þá var einnig Mjólkurstöðin í Búðardal lýst upp með bleikum ljósum og er það í sjötta skipti sem það er gert. Einu sinni hefur Saurbæjarkirkja verið lýst upp.

Að öðru leyti er starfið aðallega fólgið í sölu á ýmsum varningi. Á árinu seldum við eins og venjulega jólakort félagsins, minningarkort, bleiku slaufuna og skeggnæluna við ýmis tækifæri. Minningarkortin eru jafnframt til sölu í Arion banka í Búðardal og einnig hjá stjórnarmönnum. Síðasta sumar voru spil, málbönd og varasalvi einnig selt í Handverkshúsinu Bolla í Búðardal og í Markaðnum í Króksfjarðarnesi sem Handverksfélagið Assa rekur. Á jólamarkaðnum í Króksfjarðarnesi voru jólakort frá okkur og ýmsir jólamunir einnig til sölu. Þá hefur verslunin Hólakaup á Reykhólum selt ýmsa muni fyrir okkur á árinu. Enginn starfsmaður er launaður hjá félaginu.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Krabbameinsfélag Tálknafjarðar og Vesturbyggðar



Stofnað: 9. nóvember 2004 (áður Krabbameinsfélag Barðastrandarsýslu, stofnað 30. nóvember 1970).
Félagsmenn: Um 75.

Stjórn:

Formaður: Kolfinna Guðmundsdóttir, Urðargötu 22, 450 Patreksfirði 861 5131 olist@visir.is
Gjaldkeri: Jóhanna Gísladóttir
Ritari: Þuríður Ingimundardóttir
Meðstjórnandi: Birna Kristinsdóttir
Meðstjórnandi: Nína Jóhannesdóttir

Krabbameinsfélagið Sigurvon



Stofnað: 4. nóvember 2001. Kennitala: 470102-4540. Félagsmenn: Um 300.
Netfang sigurvon@snerpa.is, vefsíður <http://svon.blogspot.com> og
[www.facebook.com/KrabbameinsfélagiðSigurvon](http://www.facebook.com/KrabbameinsfelagiðSigurvon)
Þjónustuskrifstofa: Pollgötu 4, Ísafirði, símar 456 5650 og 849 6560,
opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13.
Starfsmaður: Thelma Hjaltadóttir.
Stuðningshópur: Vinir í von

Stjórn kosin á aðalfundi 19. apríl 2016:

Formaður: Þórunn Pálsdóttir, Hafraholti 32, 400 Ísafirði 865 5713 thorunn.pals@gmail.com
Gjaldkeri: Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg, Ísafirði
Ritari: Sólveig Sigurðardóttir, Ísafirði
Meðstjórnandi: Svava B. Þorsteinsdóttir, Ísafirði
Meðstjórnandi: Helena Hrund Jónsdóttir
Varastjórn: Oddný B. Birgisdóttir, Guðfinna Sigurjónsdóttir og Heiðrún Björnsdóttir.

Starfsemi 2015-2016

Stærstu verkefni ársins 2015 fólust í fræðslu í samvinnu við bæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands og Kraft, stuðningsfélags við ungt fólk með krabbamein og aðstandendur. Starfsemi og hlutverk Ráðgjafarþjónustunnar var kynnt á Ísafirði í maí en þá komu vestur í þeim tilgangi þær Gunnjóna Una Guðmundsdóttir félagsráðgjafi og Sigrún Lillie Magnúsdóttir forstöðumaður þjónustunnar og hjúkrunarfræðingur. Ágætlega var mætt á kynninguna og látið mjög vel af henni en jafnframt var boðið upp á fræðslu um réttindi sjúklinga. Í leiðinni kynnti starfsmaður og stjórn Sigurvonar starfsemi félagsins fyrir fulltrúum Ráðgjafarþjónustunnar.

Fyrsta stuðningsfulltrúanámskeið Krafts á landsbyggðinni var haldið á Ísafirði í október í samstarfi við Sigurvon. Fjórir stuðningsfulltrúar útskrifuðust af námskeiðinu og í kjölfarið býður Kraftur nú upp á jafningjastuðning í fjórðunginum. Með námskeiðinu var riðið á vaðið í átaki við að breiða stuðningsnet Krafts út til landsbyggðarinnar.

Að öðru leyti var ársstarfið nokkuð hefðbundið. Sem fyrr var stuðningshópurinn Vinir í von með reglulegar samverustundir yfir vetrartímann. Hópurinn hefur notið góðvildar geðræktarmiðstöðvarinnar Vesturafls, sem lætur honum í té aðstöðu að Mánagötu. Þar fyrir utan hefur hópurinn einnig hist á veitingahúsum Ísafjarðar af og til, til þess að lyfta sér aðeins upp.

Sigurvon tók þátt í að vekja athygli á árvekni- og fjáröflunarátakinu Mottumars en þar stóð einna hæst svo-kölluð Mottukeppni sem veitingastaðurinn Húsið stóð fyrir í annað sinn, í samstarfi við Sigurvon. Átta karlmenn tóku þátt og kepptu um það hver skartaði flottustu mottunni. Markmiðið með framtakinu var, auk

Þess að styrkja félagið fjárhagslega, að vekja athygli ekki aðeins á áttakinu heldur einnig starfi Sigurvegarar. Hátt í tuttugu manns gengu í félagið þetta kvöld sem er svo sannarlega ánægjulegt.

Í Bleikum október var víða lýst með bleikri lýsingu til að vekja athygli á að mánuðurinn er tileinkaður baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Að vanda var Safnahúsið lýst upp sem og fleiri fyrirtæki og stofnanir hér vestra. Þá flögguðu margir af styrktaraðilum og velunnurum Sigurvegarar fána Bleiku slaufunnar til að sýna stuðning sinn í verki. Þá voru fest kaup í ljóskösturum til þess að lýsa upp tré á Silfurtorgi, í miðbæ Ísafjarðar, í tengslum við árvekni- og fjáröflunarátakið. Var afar vel látið af því framtaki enda setti það óneitanlega blá á torgið í hjarta bæjarins en fyrir var kastari á vegum Ísafjarðarbæjar sem lýsti upp eitt tré.

Auk árvissrar jólakortasölu í fjáröflunarskyni var til sölu ýmiss konar smávarningur á vegum Sigurvegarar. Tekið var þátt í jólamarkaði Kiwanisklúbbsins. Engin breyting var á þeirri velvild sem félaginu var sýnd á árinu og styrktu þó nokkrir aðilar og fyrirtæki félagið. Er sá stuðningur ómetanlegur enda gerir hann félaginu kleift að styðja fjárhagslega við félagsmenn sína að standa straum af gistikostnaði, sem annars myndi gera róðurinn enn þyngri er hann bætist ofan á lækni- og rannsóknakostnað, auk þess að veita einstaklingum ótilgreinda fjárfyrirki sé óskað eftir því.

Á aðalfundi í apríl 2016 lét Sigurður Ólafsson af störfum formanns eftir 15 ára starf í þágu félagsins en hefur þó boðist til að vera okkur innan handar sé þess þörf.

Thelma Hjaltadóttir.

Krabbameinsfélag Hvammstangalæknishéraðs

Stofnað: 13. október 1968.

Félagsmenn: Um 70.

Stjórn:

Formaður: Geir Karlsson, Spítalastíg 5, 530 Hvammstanga 455 2100 geir.karlsson@hve.is

Ritari: Jóna G. Ármannsdóttir Laxárdal, 500 Stað

Gjaldkeri: Sigurbjörg Geirsdóttir, Búrfelli, 531 Hvammstanga

Meðstjórnandi: Malín Sigurbjörg Karlsdóttir, Melavegi 16, 530 Hvammst.

Meðstjórnandi: Elsche Apel, Neðri-Svertingsstöðum, 531 Hvammstanga

Starfsemi 2015-2016

Tekjur hafa verið af sölu minningarkorta og smávöru, ásamt beinum styrkjum frá félögum og einstaklingum. Annað hvert ár hefur verið haustmarkaður, svonefndur sláturbasar, með landbúnaðarvörur og ýmislegt annað sem einstaklingar gefa, yfirleitt eitthvað sem þeir eru að búa til eða rækta sjálfir.

Veittir voru styrkir til krabbameinssjúklinga, til að standa straum af lækni- og rannsóknakostnaði sem hið opinbera greiðir ekki. Félagið hefur í gengum árin styrkt forvarnarverkefni í skólum og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga með tækjakaupum.

Geir Karlsson.



Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu



Stofnað á Blönduósi: 2. nóvember 1968.

Félagsmenn: Um 200.

Stuðningshópur: Samhugur.

Stjórn kosin á aðalfundi 26. apríl 2016:

Formaður: Sveinfríður Sigurpálsd., Brekkubyggð 11, 540 Blönduósi 862 4528 sveinfridur@simnet.is

Ritari: Sigríður Stefánsdóttir, Hólabraut 23, 545 Skagaströnd

Gjaldkeri: Jökulrós Grímsdóttir, Bogabraut 3, 545 Skagaströnd

Meðstjórnandi: Kristín Rós Sigurðardóttir, Tindum, 541 Blönduósi

Meðstjórnandi: Margrét Einarsdóttir, Árbraut 12, 540 Blönduós

Starfsemi 2015-2016

Stjórnin hélt nokkra fundi á árinu og hafði auk þess samskipti sín á milli gegnum tölvupósta og síma. Á aðalfundi 2016 flutti Angela Berthold sjúkraþjálfari fræðslu um vegan-fæði og þær breytingar sem fylgja í kjölfarið.

Fjáröflun til styrktar félaginu var með sölu á ýmsum hlutum haustið 2015 og tókst vel. Sala á minningarkortum gekk einnig vel og fer aðallega fram í apóteki Lyfju á Blönduósi en einnig hjá félagsmönnum. Kærkomin viðbót var að fá nokkra kortasölu af vefnum krabb.is. Félagið tók að venju þátt í átaki í bleika mánuðinum í október og í tilefni þess voru lýstar upp í bleiku ein stofnun á Blönduósi, Skagastrandarkirkja auk Bólstaðarhlíðarkirkju í Langadal nú í fyrsta sinn. Lýstu þessi hús með mjúka birtu út í skammdegið og á þjóðveginn.

Félagið veitti styrki til þeirra sem voru í meðferð við krabbameini með því að greiða allan kostnað þeirra fyrir notkun íbúða Krabbameinsfélagsins og kostnað af dvöl á sjúkrahótelinu. Stjórnin tók að sér að bera út veggspjöld sem Kraftur, samtök ungs fólks með krabbamein, lét útbúa. Á spjöldunum sýndu ýmsir ör sín eftir uppskurði og vöktu þau athygli. Félagið lagði jafnframt til nokkra upphæð í Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Formaður sendi sem áður pistil í Húnavökutímaritið sem kemur út árlega í héraðinu og á vefinn huni.is til að upplýsa þá sem lesa hvað er á döfinni hjá okkur, kynna verkefni og minna á hlutverk félagsins.

Sveinfríður Sigurpálsdóttir.

Krabbameinsfélag Skagafjarðar



Stofnað: 12. júní 1966. Félagsmenn: Um 420.
Þjónustuskrifstofa er á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.
Símar 453 6030 og 863 6039. Starfsmaður: María Reykdal.
Netfang skagafjordur@krabb.is, vefsíða krabb.is/skagafjordur
Stuðningshópur: Dugur.

Stjórn kosin á aðalfundi 27. apríl 2016:

Formaður: Dalla Þórðardóttir, Miklabæ, 560 Varmahlíð
Varaformaður: Guðmundur Gunnarsson
Ritari: Sara Valdimarsdóttir
Gjaldkeri: Helga Gígja Sigurðardóttir
Meðstjórnandi: Ágústa Eiríksdóttir
Meðstjórnandi: Þorsteinn Þorsteinsson

dalla.thordardottir@kirkjan.is

Starfsemi 2015

Aðalfundur vegna ársins 2015 var haldinn á Ólafshúsi á Sauðárkróki í apríl 2016. Stjórnin hittist einu sinni þar að auki. Stjórn félagsins var endurkjörin á fundinum.

Starfsemi hefur verið með hefðbundnum hætti. Orlofsdvalir á Löngumýri voru studdar fjárhagslega. Félagið greiðir leigu fyrir fólk héðan sem dvelur í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða á Sjúkrahótelinu í tengslum við krabbameinsmeðferð og hafa nokkrir nýtt sér það og fengu aðstoð við það af starfsmanni. María Reykdal hefur verið með viðveru á skrifstofunni þrjá daga í viku og er alltaf með auglýstan síma. Hún hefur verið með stuðningsviðtöl í síma og á stofu og einnig nokkur sálfræðiviðtöl.

Föstudagurinn 16. október var bleikur dagur til styrktar baráttu gegn brjóstakrabbameini um allt land.

Formaður og starfsmaður sóttu formannafund í Reykjavík í októbermanuði 2015. Ráðgert hafði verið að sá fundur yrði í Skagafirði, en ekki náðist samkomulag um fundartíma. En stjórnin hefur fullan hug á því að bjóða Krabbameinsfélagi Íslands að halda formannafund í haust í Skagafirði. Tillaga er um 8. október. Lionsklúbburinn Björk hyggst færa félaginu gjöf og verður hún afhent 7. október.

Félagið er vel statt fjárhagslega. Styrkir til einstaklinga vegna ferða og krabbameinsmeðferðar voru tæplega 700.000 kr. Félagið greiðir niður fimm viðtöl sálfræðings fyrir sjúkling og/eða aðstandanda og hafa nokkrir aðilar nýtt sér það. Félagið hefur veitt nokkra einstaklingsstyrki við sérstakar aðstæður. Minningarkort eru seld í blómabúð og á krabb.is.

Sala á smáhlutum til styrktar félaginu verður í haust eins og venja er. Þetta er mikilvæg kynning á félaginu og leið til þess að opna augu þeirra sem greinast fyrir aðstoð sem félagið veitir. Þá er þetta leið til að safna nýjum félögum.

Dalla Þórðardóttir.

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis



Stofnað: 21. nóvember 1952. Félagsmenn: 1.355.

Þjónustuskrifstofa er á Glerárgötu 24, 600 Akureyri.

Opið er mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 13:30-16:00.

Viðtalstímar við hjúkrunarfræðing eftir samkomulagi.

Sími 461 1470. Netfang kaon@simnet.is.

Framkvæmdastjóri: Þorbjörg Ingvadóttir.

Stuðningshópur: Norðankraftur.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2016:

Formaður:	Hlíf Guðmundsdóttir, Illugastöðum, 601 Akureyri	462 2699	hlif@est.is
Varaformaður:	Dóróthea Jónsdóttir		dora@sak.is
Gjaldkeri:	Jón Þ. Óskarsson, Illugastöðum, 601 Akureyri		
Ritari:	Guðbjörg Antonsdóttir, Skíðabraut 17, 620 Dalvík		
Meðstjórnandi:	Anna Ólafsdóttir		
Meðstjórnandi:	Friðrik Vagn Guðjónsson, Dalsgerði 4a, 600 Akureyri		
Meðstjórnandi:	Hólmfríður Kristjánsdóttir, Eyrarlandsvegi 20, 600 Ak.		
Meðstjórnandi:	Lilja Sverrisdóttir, Gullbrekku, 601 Akureyri		
Meðstjórnandi:	Ólöf Elfa Leifsdóttir		

Starfsemi 2015

Skrifstofan er í leiguhúsnæði að Glerárgötu 24 á Akureyri og er opin þrisvar í viku, auk þess sem boðið er upp á viðtalstíma þar fyrir utan. Símatími er sömu daga kl. 10-12. Starfsmenn eru þrír og skipta á milli sín 90% stöðu. Þorbjörg Ingvadóttir framkvæmdastjóri, Jóhanna Júlíusdóttir hjúkrunarfræðingur og Halldóra Björg Sævarsdóttir textílkennari, auk þess sem Sigrún Jónsdóttir sjúkráþjálfi starfar í nánum tengslum við félagið.

Fundir. Stjórnin hélt fimm bókaða stjórnarfundum á árinu 2015. Aðalfundur félagsins var haldinn á Akureyri 27. apríl 2015. Samþykkt var að árgjald til félagsins yrði 3.300 kr. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis átti tvo fulltrúa á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands vorið 2015. Starfsmenn sóttu tvo samráðsfundi starfsmanna svæðaskrifstofa Krabbameinsfélags Íslands. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis átti þrjá fulltrúa á formannafundi Krabbameinsfélags Íslands haustið 2015.

Starfsemin. Mjög öflug starfsemi er rekin á vegum og í tengslum við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis. Skráðar heimsóknir á skrifstofu félagsins á árinu 2015 eru svipaðar og undanfarin ár eða tæplega 450. Þetta eru að langmestu leyti einstaklingar sem sækja Opið handavinnuhús, slökun, jóga og liðkandi æfingar auk fræðslufunda sem haldnir eru á vegum félagsins. Einnig viljum við nefna að sl. haust var stofnaður sérstakur karlahópur sem hittist alla laugardaga í húsnæði félagsins. Í hverri viku sækja um 20 einstaklingar samveru á Keramikloftinu. Um 1.300 manns sóttu því fjölbreytta þjónustu á vegum félagsins árið 2015. Starfsmenn sinna ýmiss konar fræðslu sem tengist forvörnum, stuðningi og kynningu á starfsemi félagsins, bæði til hópa og einstaklinga.

Endurhæfing. Sigrún Jónsdóttir sjúkráþjálfi hefur boðið bæði krabbameinssjúkum og langveikum upp á ókeypis jóga og slökun alla mánudaga í húsnæði félagsins, auk þess að vera með vatnsleikfimi í innlaug Sundlaugar Akureyrar, styrktarþjálfun fyrir hópa í Eflingu og einstaklingsþjálfun, viðtöl og ráðleggingar.

Opið handavinnuhús er alla fimmtudaga kl. 13-17 og hefur verið mjög vel sótt. Umsjón hefur Halldóra Björg Sævarsdóttir textílkennari og er boðið upp á samveru þar sem fólk getur komið með handavinnu og spjallað saman yfir kaffibolla, auk þess sem sérstök fræðsla um valin verkefni hefur verið nokkrum sinnum í vetur.

Keramikloftið. Á hverjum miðvikudegi frá kl. 13-18 hittist fólk á Keramikloftinu. Þar er hægt að vinna með gler, mosaik, keramik o.fl. Þessi samvera hefur gefist vel og hefur verið mjög vel sótt. KAON hefur stutt við þessa starfsemi með ýmsu móti frá byrjun.

Karlahópur. Ákveðið var að stofna sérstakan karlahóp sl. haust og hittast þeir alla laugardaga og spjalla og eru með fræðslufundi.

Viðtöl og stuðningur við skjólstaðinga. Skráð viðtöl og símtöl eru 108. Starfsmenn hafa frá árinu 1998 haldið utan um fjölda viðtala á skrifstofunni.

Stómasamtökin hafa haldið fundi sína í húsnæði félagsins eins og undanfarin ár.

Íbúðir Krabbameinsfélagsins í Reykjavík. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis greiðir nú reikninga fyrir afnot af íbúðum og dvöl á sjúkrahótelu að fullu og er þetta alltaf verulega stór útgjaldaliður hjá félaginu.

Söfnun fyrir brjóstámskoðunartæki. Á stjórnarfundu Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis þann 3. febrúar kom fram hugmynd um að félagið myndi standa fyrir söfnun á brjóstámskoðunartæki til Sjúkrahússins á Akureyri og myndi hefja söfnunina á einnar milljónar króna framlagi. Þetta var samþykkt og söfnunin fór fram og gekk mjög vel. Mjög margir, bæði einstaklingar, félög og fyrirtæki lögðu söfnuninni lið. Tækið var síðan afhent formlega 13. nóvember 2015 og var það mikil gleðistund, bæði hjá okkur í félaginu og ekki síður starfsfólki á leitarstöðinni á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Tekjur og fjáraflanir. Helstu tekjur félagsins fyrir utan rekstarstyrk frá Krabbameinsfélagi Íslands, sem greiðir helming af launum starfsmanna og verkefnisstyrk sem gerir okkur kleift m.a. að halda námskeið fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur, eru félagsgjöldin og styrkir sem félaginu búrast frá félagasamtökum og einstaklingum á árinu. Sú velvild og stuðningur sem allir þessir fjölmörgu aðilar sýna okkur er ómetanlegur og gerir okkur kleift að styðja á margvíslegan hátt við bakið á þeim íbúum á okkar félagssvæði sem greinast með krabbamein. Öllum þessum aðilum færur við innilega þakkir. Án þessa stuðnings væri þetta ekki mögulegt.

Húsnæði. Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis hefur í mörg ár leigt 110 fermetra húsnæði að Glerárgötu 24. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu og salurinn okkar rúmar nú um 25-30 manns í sæti, auk þess sem rýminu er skipt þannig að auðvelt er að eiga notarlegt spjall við einstaklinga á fleiri en einum stað og segja má að vel hafi tekist til með endurbætur.

Samskipti við fjölmiðla. Starfsmenn hafa átt mjög góð samskipti við fjölmiðla á félagssvæðinu og hafa bæði birst viðtöl í Dagblöðum og tímaritum, auk þess sem allir starfsmenn hafa komið oftar en einu sinni í sjónvarpsviðtöl vegna ýmissa viðburða sem tengjast t.d. starfsemi félagsins auk þess að vekja athygli á ýmsu sem hefur verið ofarlega á baugi í almennri umræðu á þjóðfélaginu. N4 sjónvarp hefur verið okkur sérlega vinsamlegt með að kynna starfsemi okkar og koma til móts við kostnað vegna auglýsinga t.d. í Sjónvarpsdagskránni. Færum við þeim bestu þakkir fyrir.

Þorbjörg Ingvadóttir.

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga

Stofnað: 22. ágúst 1968.

Félagsmenn: Um 400.



Stjórn 2015:

Formaður: Jóhanna Björnsdóttir, Sólbrekku 7, 640 Húsavík 862 8792 j.bjornsd@gmail.com
Ritari: Halla Lovísa Loftsdóttir, Álftanesi, 641 Húsavík
Gjaldkeri: Edda Björg Sverrisdóttir, Laugarholti 7, 640 Húsavík
Meðstjórnandi: Aðalbjörg Sigurðardóttir, Álfhóli 10, 640 Húsavík
Meðstjórnandi: Gunnlaug María Eiðsdóttir, Heiðargerði 4, 640 Húsavík
Meðstjórnandi: Ingigerður Arnljótsdóttir, Gautlöndum, 660 Mývatni

Starfsemi 2015-2016

Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga er rekið sem styrktarfélag og hefur hingað til starfað við hlið Birtu, stuðningshóps einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein. En nú hefur Birta hætt starfsemi sinni vegna erfiðleika við að fá fólk til starfa og til þátttöku í félagsstarfsemi.

Markmið Krabbamensfélags Suður-Þingeyinga er að styrkja málefni sem tengjast heilsu og forvörnum gegn krabbameini, ásamt því að styrkja einstaklinga í Suður-Þingeyjarsýslu sem greinst hafa með krabbamein, með ýmsum hætti. Félagið styrkir sjúklinga sem þurfa að dvelja í Reykjavík vegna krabbameinsmeðferðar með greiðslu á leigu íbúða. Félagið stendur fyrir sölu á minningarkortum þar sem ágóði af sölnunni fer óskiptur til Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga.

Starfsemi Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga var frekar lítil síðastliðið starfsár, en í október stóð félagið fyrir því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að lýsa byggingar sínar bleikar. Þá var bleik messa í Húsavíkurkirkju sem séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir stóð fyrir og fékk hún stjórn Krabbameinsfélags Suður-Þingeyinga til að aðstoða sig. Síðastliðin ár hefur félagið staðið fyrir bleiku boði í október og bláu boði í mars, en þetta starfsárið var boðunum sleppt af ýmsum ástæðum.

Jóhanna Björnsdóttir.

Krabbameinsfélag Norðausturlands

Stofnað: 18. ágúst 1970, endurvakið 2. maí 2006.

Félagsmenn: Um 85.



Stjórn kosin á aðalfundi 29. apríl 2015:

Formaður: Stefanía V. Gísladóttir, Boðagerði 9, 670 Kópaskeri 866 2977 disagisla@islandia.is
Ritari: Bjarney Hermundardóttir, Tunguseli, 681 Þórshöfn
Gjaldkeri: María Hermundardóttir, Ekrugötu 4, 670 Kópaskeri
Meðstjórnandi: Guðrún M. Sigurjónsdóttir, Höfða, 675 Raufarhöfn
Meðstjórnandi: María Halldórsdóttir, Ásgötu 18, 675 Raufarhöfn

Starfsemi 2014-2015

Starfsemi félagsins hefur að mestu leyti verið bundin við sölu minningarkorta og merkjasölu á starfssvæði félagsins. Minningarkort Krabbameinsfélagsins er auglýst í auglýsingablaðinu Skegjan, sem dreift er á starfssvæði okkar, þar er vakin athygli á félaginu og bent á Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Aðalfundur félagsins 2015 var haldin á Þórshöfn. Jóhanna S. Kristjánsdóttir frá Reyklaus.is flutti erindi um skaðsemi tóbaks. Var það mjög áhugavert og var ákveðið að fá hana til að vera með erindi á Kópaskeri og Raufarhöfn.

Formaður sótti aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí 2015.

Stefanía V. Gísladóttir.

Krabbameinsfélag Austurlands

Stofnað: 20. apríl 1970.

Félagsmenn: Um 155.



Stjórn kosin á aðalfundi 5. maí 2016:

Formaður:	Alfreð Steinar Rafnsson, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	847 2524	alfred.steinar@gmail.com
Gjaldkeri:	Kristjana Björnsd., Bakkavegi 1, 720 Borgarfirði eystra	893 5211	kristbj.skima@simnet.is
Ritari:	Jóna Björg Sveinsdóttir, Geitlandi, 720 Borgarfirði eystra	862 7865	jonasb@ismennt.is
Meðstjórnandi:	Ásdís Sigurjónsdóttir, Stekkjartröð 10, 700 Egilsstöðum	824 3920	asdiss@simnet.is
Meðstjórnandi:	Karólína S. Ingvarsdóttir, Dalseli 8, 700 Egilsstöðum	824 3920	kain@mi.is

Starfsemi 2015-2016

Á aðalfundi Krabbameinsfélags Austurlands í apríl 2015 var samþykkt að halda áfram þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta aðalfundi og ganga frá samstarfssamningi við Starfsendurhæfingu Austurlands og koma upp sameiginlegri þjónustumiðstöð á Egilsstöðum. Haldnir voru nokkrir fundir með framkvæmdastjóra StarfA sem leiddi til þess að undirritaður var samstarfssamningur milli félaganna og hófst starfsemi í húsnæði að Miðvangi 1-3 í ágúst. Ljóst var strax í upphafi að kostnaður við slíka starfsemi væri félaginu erfiður og að félagsgjöld hrykkju ekki til að brúa kostnað við starfsemina nema meira kæmi til en árgjöld félagsmanna. Sótt var um styrk í velunnarsjóð Krabbameinsfélags Íslands sem úthlutaði félaginu 500.000 kr., sem er um 40% af húsaleigukostnaði á ársgrundvelli. Ljóst er að fara þarf fram öflug fjáröflun til þess að félaginu heppnist að ná tilgangi sínum. Helstu rök fyrir slíku samstarfi er að erfitt er fyrir lítil félög á landsbygðinni að halda uppi þjónustu hvert fyrir sig, sem er tilgangur félaganna, þar sem oft eru fáir félagsmenn sem sækja þjónustuna, en saman verðum við stærri hópur og auðveldara að reka starfsemi sem þessa, því hún er svo sannarlega mikilvæg, því hver og einn skiptir máli. Mikil samlegðaráhrif eru fólgin í þessu samstarfi við starfsendurhæfinguna. Þjónustan byggir að mestu leyti á sama grunni, heildstæðri endurhæfingu, samveru, stuðning, og virkni en með sérhæfingu á hverju sviði fyrir sig. Boðið er upp á fjölbreytt, reglulegt framboð heilsutengdra úrræða í nærsamfélagi. Þar má nefna heilsuefningu, hreyfingu, slökun, jóga, sjálfsefningu í formi námskeiða og fræðslu, vinnusmiðju og stuðingshópa/jafningjafraeðslu.

Allir eru jú að stefna að sama marki, efla heilsu og líðan. Markhópur Krabbameinsfélagsins eru einstaklingar sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Einstaklingar sem þurfa fyrst og fremst á því að halda að rjúfa einangrun og koma skipulagi á daglegt líf sitt í formi félagslegrar samveru, stuðnings, virkni og sjálfsefningu, uppbyggingu að halda, bæta líkamlega og andlega heilsu og líðan. Með þessu samstarfi fást einstaklega góðir leiðbeinendur og fagfólk með okkur, án þeirra væri ekki hægt að reka starfsemi sem þessa. Ávinningur af slíku samstarfi félagsins við StarfA eða útvíkkun á starfseminni er talinn vera mikill svo sem fleiri þátttakendur og breiðari hópur þar sem hópeflismátturinn eykst sem hefur gífulega mikið vægi í endurhæfingu. Að fá stuðning og hvatningu. Að hafa það gaman saman, enn fjölbreyttari þjónusta og meira líf. Starfsemi sem þessi er gríðar mikilvæg, m.a. er varðar eftirfylgni, þegar einstaklingar koma úr meðferð frá Reykjavík, Akureyri og víðar.

Það er ekki nóg að þjónustan sé til staðar – það þarf að nýta hana, annars leggst hún af. Anna Alexandersdóttir iðjuþjálfari hefur haldið utan um sérhæfða þjónustu fyrir Krabbameinsfélag Austurlands frá því að þetta

samstarf hófst og hefur haft viðveru á skrifstofunni síðdegis alla þriðjudaga. Aðra daga eru starfsmenn StarfA tilbúnir að aðstoða eftir þörfum.

Undanfarin ár hafa Krabbameinsfélag Austurlands og Krabbameinsfélag Austfjarða rekið sameiginlega skrifstofu á Reyðarfirði. Með tilkomu hinar nýju aðstöðu á Egilsstöðum var ekki grundvöllur fyrir sameiginlegri skrifstofu á Reyðarfirði lengur. Krabbameinsfélag Austurlands þakkar fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og vill viðhalda ánægjulegu samstarfi um hvíldarhelgina á Eiðum eins og undanfarin ár.

Alfred Steinar Rafnsson.

Krabbameinsfélag Austfjarða



Stofnað: 21. apríl 1970. Félagsmenn: 485.

Þjónustuskrifstofan að Búðareyri 15 á Reyðarfirði er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 11-13. Sími 474 1530.

Netfang kraus@simnet.is

Starfsmaður: Sigrún Ragnarsdóttir.

Stjórn kosin á aðalfundi 28. apríl 2015:

Formaður: Jóhann Sæberg Helgason, Heiðarvegi 20, 730 Reyðarfirði 840 7212 johann@launafl.is

Ritari: Solveig Friðriksdóttir, Hólalandi 18, 755 Stöðvarfirði

Gjaldkeri: Jórunn Valdimarsdóttir, Sunnugerði 18, 730 Reyðarfirði

Meðstjórnandi: Anna Þóra Árnadóttir, Blómsturvöllum 1a, 740 Neskaupstað

Meðstjórnandi: Anna R. Gunnarsdóttir, Stekkjargrund 6, 730 Reyðarfirði

Meðstjórnandi: Iðunn Geirsdóttir, Hjallavegi 4, 730 Reyðarfirði

Meðstjórnandi: Guðmundur Rafnkell Gíslason, Valsmýri 6, 740 Neskaupstað

Starfsemi 2015

Aðalfundur var haldinn í Safnaðarheimili Norðfjarðarkirkju 28. apríl 2014. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Anna Ragnheiður Gunnarsdóttir hætti sem gjaldkeri og varð meðstjórnandi og Jórunn Valdimarsdóttir kom ný inn í stjórn sem gjaldkeri. Unnur Björgvinsdóttir vék úr stjórn og eru henni færðar bestu þakkir fyrir sitt starf í gegnum árin. Á árinu var Tinna Hrönn Smáradóttir starfsmaður félagsins í 50% stöðu.

Virknimiðstöð. Við fengum afnot af húsnæði gistiheimilisins Hjá Marlín endurgjaldslaut. Þar var opið hús einu sinni í viku kl.14-17. Það var lítið sem ekkert nýtt, sennilega vegna dreifðrar byggðar og opnun á dagvinnutíma. Hugsanlega væri betra að horfa meira til fyrirlestra og koma á tengiliðum á hverjum stað fyrir sig og fara meira á milli staða með fræðslufundi og viðburði. Í virknimiðstöðinni var þó boðið upp á ýmislegt eins og heilsunudd hjá Laufeyju Frímannsdóttur, námskeið í núvitund með Margaret Anne Johnson, kynningu á hráfæði sem kallast Ævintýraferð bragðlaukanna með Önnu Mörtu Bjarnadóttur og fyrirlesturinn Velliðan og hugarró með Solveigu Friðriksdóttur.

Söfnunaráttök. Mottumars var notaður til fjáröflunar með hefðbundnum hætti sem og haustsala félagsins í september þar sem tekið var vel á móti sölufólki að vanda. Í október hafði rekstraraðili Sesam brauðhús samband og vildi vekja athygli á félaginu og styrkja það með því að tileinka ákveðnar vörur bleiku slaufunni og selja til styrktar félaginu sem var að sjálfsögðu þegið með þökkum. Göngum saman göngur voru haldnar á mæðradaginn á Fáskrúðsfirði og í Neskaupstað og var þátttaka með ágætum á báðum stöðum.

Hvíldarhelgin á Eiðum. Hvíldarhelgin var haldin 11.-13. september 2015. Þar var lögð áhersla á að þátttakendur nytu líðandi stundar í kyrrð og ró, í fjarlægð frá amstri dagsins. Boðið var upp á fyrirlestur og kynningu á heilsufæði með Ebbu Guðnýju sjónvarpskokki með meiru, sem sló í gegn með nærveru sinni, einnig var boðið uppá jóga, slökun, kvöldvöku þar sem króatískur kór kom og flutti nokkur lög. Þátttakendur voru 15 talsins og var dvölin þeim að kostnaðarlausu, í boði Krabbameinsfélaga Austfjarða og Austurlands,

en helgin er samstarfsverkefni þessara tveggja félaga. Þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi ekki alveg verið með okkur í liði þessa daga, þótti helgin engu að síður vel lukkuð í alla staði.

Hvunnagshetjan 2015. Það er orðinn síður hjá félaginu að heiðra hvunnagshetju í október ár hvert. Upphaflega byrjaði það með því að heiðra konu sem greinst hefur með krabbamein, þar sem október var tileinkaður krabbameinum kvenna. Nú var breyting á og var ákveðið að heiðra þrjár hvunnagshetjur í Kirkju- og menningarmiðstöð Austurlands á Eskifirði. Hvunnagshetjurnar eru þau Steinunn Þorsteinsdóttir frá Neskaupstað, Bryndís Ísfeld Ingvarsdóttir frá Reyðarfirði og Guðmundur Páll Pálsson frá Reyðarfirði.

Styrkir til einstaklinga. Sem fyrr hefur félagið styrkt einstaklinga sem hafa fengið afnot af íbúðunum á Rauðarárstíg og gist á Sjúkrahótelinu. Það er dýrt að verða veikur á Íslandi og það sjáum við vel, þess vegna er starf félagsins okkar gríðarlega mikilvægt til að geta létt undir með fólki fjárhagslega í veikindum.

Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum. Við finnum fyrir mikilli velvild í garð félagsins og erum við afar þakklát fyrir það. Við hlutum samfélagsstyrk Alcoa til að kaupa bókina „Þegar foreldri fær krabbamein“ og færa öllum bókasöfnum á svæði félagsins. Margir einstaklingar, félög og fyrirtæki hafa lagt okkur lið og má þar sem dæmi nefna Sesam brauðhús, Oddfellow-konur á Héraði, sem gáfu nýja fartölvu á skrifstofuna, Alcoa in motion sem hélt styrktargöngu, Austfirðinga í Reykjavíkumaraþoni og styrktarsölu Sigurjónu Óskar Óskarsdóttur á handverki. Einstaklingar gáfu andvirði jólakorta og vinkonurnar Manda og Heiðdís Sara héldu tombólur til styrktar félaginu. Einnig barst arfur frá góðvini okkar Jónasi Jónassyni sem lést á árinu, 95 ára að aldri. Blessuð sé minning hans.

Fjöldi annarra einstaklinga og fyrirtækja styrktu félagið með peningagjöfum, sem seint verður þakkað til fullnustu og virkar sem hvatning fyrir okkur að halda áfram okkar góða starfi og gera enn betur!

Tinna Hrönn Smáradóttir.

Krabbameinsfélag Suðausturlands

Stofnað: 21. apríl 1970 (endurvakið 1. október 2002).

Félagsmenn: 150.



Stjórn:

Formaður: Ester Þorvaldsdóttir, Hólabraut 2, 780 Höfn

478 2040 ester@hssa.is

Gjaldkeri: Ólöf Óladóttir, Austurbraut 19, 780 Höfn

Ritari: Eyrún Axelsdóttir, Silfurbraut 35, 780 Höfn

Meðstjórnandi: Hjálmar Jens Sigurðsson, Hrísbraut 12, 780 Höfn

Meðstjórnandi: Þórhildur G. Kristjánsdóttir, Svalbaði 5, 780 Höfn

Starfsemi 2015-2016

Félagið er með eigin minningarkort og tekur þátt í almennri vor- og haustfjáröflun á vegum Krabbameinsfélags Íslands og aðildarfélaga.

Mottumars 2015 var haldinn hátíðlegur með fræðslu- og karlakvöldi á Hótel Höfn þar sem Ágúst Óskar Gústafsson heimilislæknir flutti fræðsluerindi um karla og krabbamein með áherslu á ristilkrabbamein. Tónlistaratriði voru flutt, Auðunn Helgason knattspyrnuþjálfari flutti erindi og mæting var mjög góð.

Í október, bleika mánuðinum, var haldið upp á bleika daginn með því að bæjarbúar og vinnustaðir skórtuðu bleiku. Einnig höfðu konur gaman saman og var konukvöld haldið 27. október á Hótel Höfn þar sem Elín Freyja Hauksdóttir læknir flutti fræðsluerindi um heilsu kvenna og líðan. Hulda Laxdal jógakennari leiðbeindi og fræddi um núvitund og slökun. Vel var mætt af bleikum og flottum konum.

Fjör og fræðsla var í Pakkhúsinu fimmtudagskvöldið 17. mars 2016 í tilefni af Mottumars. Lára G. Sigurðardóttir læknir og fræðslustjóri hjá Krabbameinsfélagi Íslands flutti erindið „Kíkt undir húddið“ og ræddi um karlmenn og krabbamein. Tónlistaratriði var í boði Karlakórsins og Þorvarður Árnason sýndi myndir af töfraveröld norðurljósa og jökla.

Í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur, þar sem Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur hand-leiddi með námsefni, var haldið reykleysisnámskeið fyrir fyrirtæki á staðnum. Gafst þetta fyrirkomulag mjög vel og er nú annað námskeið í bígerð.

Góð mæting er á fræðslufundi sem félagið stendur fyrir og ávalt vel tekið á móti okkar fólki þegar fjáraflanir eru í gangi. Fyrirtæki og einstaklingar standa einnig þétt við bakið á félaginu með fjárstuðning og styrkveitingum. Gott samstarf er á milli Heilbrigðisstofnunar Suðurlands Hornafirði og félagsins með áherslu á forvarnir og fræðslu.

Veittir hafa verið styrkir til einstaklinga, einnig veitti félagið styrk þegar keypt var nýtt sónartæki á heilsugæslustöðina á Hornafirði. Greiðir félagið jafnframt leiguhluta einstaklinga í krabbameinsmeðferð hvort sem dvalið er í íbúðum Krabbameinsfélagsins eða gist á Sjúkrahótelinu meðferðardagana.

Ester Þorvaldsdóttir.

Krabbameinsfélag Vestur-Skaftafellssýslu

Stofnað: 6. maí 1971

(endurvakið 22. nóvember 2004 og aftur 5. maí 2009).

Stjórn kosin á aðalfundi 2. apríl 2013:

Formaður: Rannveig Bjarnadóttir, Skaftárvöllum 8, 880 Kirkjub.kl. 865 7387 reb@simnet.is

Meðstjórnandi: Sigurður Elías Guðmundsson, Sannubraut 8, 870 Vík

Gjaldkeri: Sigríður Dórothea Árnadóttir, Sigtúni 4, 870 Vík

Ritari: Margrét Einarsdóttir, Mörk, 880 Kirkjubæjarklaustri

Meðstjórnandi: Ingvar Jóhannesson, Höfðabrekku, 871 Vík



Krabbameinsfélag Rangárvallasýslu

Stofnað: 7. maí 1971 (endurvakið 15. apríl 1993).

Félagsmenn: Um 105.

Stjórn kosin 2012:

Formaður: Ólöf Árnadóttir, Bolöldu 2, 850 Hellu

615 4606 olof@hsu.is

Gjaldkeri: Þórdís Ingólfssdóttir, Kambi, 851 Hellu

Meðstjórnandi: Guðríður Bjarnadóttir, Þrúðvangi 27, 850 Hellu

Meðstjórnandi: Lilja Einarsdóttir, Krókatúni 5, 860 Hvolsvelli

Meðstjórnandi: Sóley Ástvaldsdóttir, Stóragerði 9, 860 Hvolsvelli



Krabbameinsfélag Árnessýslu



Stofnað: 29. maí 1971. Félagsmenn: Um 300.
Þjónustuskrifstofa: Eyrarvegi 23 á Selfossi, opin á fimmtudögum kl. 13-16.
Starfsmaður: Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir.
Sími: 788 0300. Netfang: arnessysla@krabb.is
Stuðningshópar: Bandið og Brosið.

Stjórn kosin á aðalfundi 7. apríl 2014:

Formaður: Ingunn Stefánsdóttir, Fossi IV, 800 Selfossi 862 3411 ingunn@heilsustofnun.is
Varaformaður: Eygló Aðalsteinsdóttir
Ritari: Rannveig Ingvadóttir
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannesdóttir
Meðstjórnandi: Sigríður Guðnadóttir
Meðstjórnandi: Sigrún Ásgeirsdóttir
Meðstjórnandi: Sigurbjörg Jónsdóttir

Starfsemi 2015-2016

Félagið tók þátt í Mottumars og gekk sú sala nokkuð vel. Einnig tókum við þátt í haustsölu. Í október voru Selfoskirkja og Landsbankinn á Selfossi lýst upp í bleiku. Hugmyndin er að hvetja fleiri aðila til að hafa bleika lýsingu næst. Hópur sem nefnist Brosið var með opið hús og er ætlunin að halda áfram í haust í samstarfi við Rauða krossinn. Kiwanisklúbburinn Búrfell afhenti okkur bókina Bleikur barmur, en þetta er bók um baráttu Dórótheu Jónsdóttir við brjóstakrabbamein. Þessari bók dreifðum við frítt.

Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir.

Krabbavörn Vestmannaeyjum



Stofnað: 25. apríl 1949 (endurvakið 3. maí 1990). Félagsmenn: 265.
Stuðningshópur: Eyjarós. Skrifstofa félagsins er opin á þriðjudögum kl. 13-15.

Stjórn kosin á aðalfundi 14. mars 2016:

Formaður: Ester Ólafsdóttir, Áshamri 12, 900 Vestmannaeyjum 867 2218 baddie@simnet.is
Varaformaður: Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir
Ritari: Ingibjörg Andrea Brynjarsdóttir
Gjaldkeri: Sigríður Gísladóttir
Meðstjórnandi: Hrafnhildur Helgadóttir
Meðstjórnandi: Kristín Valtýsdóttir
Sölufulltrúi: Karólína Kristín Jósefsdóttir

Starfsemin 2015

Nú eru 265 félagsmenn sem greiða 2.500 kr. árgjald. Tilgangur félagsins er að styrkja og styðja þá sem glíma við krabbamein eða þetta verkefni sem sumir fá. Það eru alltaf einhverjir sem þurfa á aðstoð að halda, þess vegna er svo gott að hittast og spjalla um allt milli himins og jarðar. Fyrst var þetta skrifstofa en svo breyttum við fyrirkomulaginu og reyndum að hafa hitting. Kom það vel út og festi sig í sessi, það mæta alltaf einhverjir. Rauða krossinum viljum við þakka fyrir að fá að vera endurgjaldslaust hjá þeim.

Félagið greiðir leigu fyrir íbúðirnar á Rauðarárstíg og svo er viss fjárstyrkur fyrir hverja ferð en það hefur breyst mikið eftir að lyfjagjöf hófst hér í Eyjum.

Það er orðinn fastur liður að fara í áramótagöngu á gamlársmorgun og er endað í súpu hjá Einsa kalda sem hann gefur félaginu og til viðbótar eru áheit frá fyrirtækjum, þökk sé Hafðísi Kristjáns og hennar vinum en þau sjá líka um sjö tinda gönguna. Mars er „mánuður mannanna“. Við höfum fengið að flagga um allan bæ til að minna strákana á að þeir geta líka fengið krabbamein og þurfa að láta skoða sig. Berglind Kristjáns í BK-gler er að gera ýmsa hluti og selja svo sem svuntur, könnur, boli, límmiða á bíla og segla á ísskápa og rennur ágóðinn af þessu til okkar. Sigurlaug Alfreðsdóttir þrjónar tuskur og býr til gjafakort sem hún selur í Póley okkur til styrktar. Þann 8. maí 2015 var Halla Margrét Árnadóttir með óperutónleika í Landakirkju og gaf okkur ágóðann. Hólmfríður hefur selt minningarkort í 36 ár, ætlaði að hætta en er hætt við að hætta.

Þann 9. maí 2015 var aðalfundur Krabbameinfélags Íslands í húsi félagsins í Skógarhlíð, þar mættum við Margrét og var okkur vel tekið. Við afhentum 500 þúsund krónur til viðhalds á íbúðunum í Reykjavík og er þetta í fjórða skipti sem það er gert.

Formannafundur er alltaf í október. Hann var núna í Reykjavík og þar mættum við Margrét og Jóhanna Kristín. Jóhönnu var þar hent út í djúpu laugina og stóð hún sig mjög vel. Hefur hún sinnt sínu verkefni af miklum áhuga og fór meðal annars á samráðsfund með öðrum félögum á landinu í febrúar. Þykir mér það mjög leitt að hún geti ekki verið áfram og vil ég þakka henni góðar stundir.

Salan í september gekk vel eins og vanalega. Stóðu þær sig einstaklega vel Karólína og Linda. Í október var bærinn meira og minna lýstur upp. Bleikt kvöld var í verslunum og hluti af sölu rann til okkar. Bleikur leikur var hjá handboltastelpunum og gáfu þær ágóðann til félagsins.

Stefán Sigurðsson gekk Jakobsveginn og fékk áheit fyrir Krabbavörn, hann kom svo til okkar og sýndi okkur myndir og sagði frá ferð sinni. Eigendur 900 Grillhús buðu okkur að hittast þar og borða í þeirra boði. Krabbavörn bauð í smurbrauð hjá Einsa Kalda fyrir jól og var þar góð mæting. Þakkarbréf voru send til einstaklinga og fyrirtækja sem hafa styrkt okkur, en við finnum góðvild og stuðning alls staðar. Nú eru allar upplýsingar varðandi starfseminu auðfundnar á Facebook-Krabbavörn og á krabb.is.

Margt hefur gerst á árinu en gleðin og sorgin eru systur og hafa þær báðar sótt okkur heim. Margir koma með góðar og jákvæðar fréttir og hafa læknað. En einnig eru þeir sem þurft hafa að lúta í lægra haldi fyrir sjúkdómnum illvíga.

Ester Ólafsdóttir.

Krabbameinsfélag Suðurnesja



Stofnað: 15. nóvember 1953. Félagsmenn: Um 915.

Starfsmaður: Sigrún Ólafsdóttir. Stuðningshópur: Sunnan 5.

Skrifstofan að Smiðjuvöllum 8 er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12-16.

Stjórn kosin á aðalfundi 14. apríl 2016:

Formaður: Guðmundur Björnsson, Óðinsvöllum 14, 230 Keflavík 662 6989 gudmbj@internet.is

Ritari: Þórunn Benediktsdóttir

Gjaldkeri: Grétar Grétarsson

Meðstjórnandi: Agnar Guðmundsson

Meðstjórnandi: Brynja Aðalbergsdóttir

Meðstjórnandi: Jón Axelsson

Meðstjórnandi: Ómar Steindórsson

Starfsemi 2015-2016

Vorið 2015 hætti Sigrún Ólafsdóttir störfum hjá Krabbameinsfélagi Suðurnesja og 1. september tók Sigríður Ingibjörnsdóttir við af henni.

Krabbameinsfélag Suðurnesja tók þátt í Bleiku slaufunni í október með ýmsu móti. Til stóð að hafa rökkurgöngu eins og var árið áður og þótti takast mjög vel. Það gekk þó ekki því brenna sem vera átti miðpunktur göngunnar var ekki samþykkt. Bókin „Þarmar með sjarma“ var kynnt af þýðanda, Rakel Fleckenstein Björnsdóttur, og messa var í Keflavíkirkirkju þar sem Úlfar Hermannsson flutti erindi. Hann er bæði aðstandandi og krabbameinsgreindur. Í október ár hvert hefur Krabbameinsfélagi Suðurnesja heiðrað konu með því að afhenda henni bleika slaufu. Í ár hlaut Sigurbjörg Þorleifsdóttir hana en hún hefur verið virk í starfi félagsins. Grein birtist í Víkurfréttum þar sem m.a. var fjallað um fyrir hvað bleiki mánuðurinn stendur og til að vekja athygli almennings á áttakinu. Allar kirkjurnar á Suðurnesjum auk fjölda annarra bygginga voru lýstar bleikar og nutu sín ákaflega vel í haustbirtunni.

Félagið stóð fyrir fyrirlesturum, námskeiðum, kynningum og samverustundum krabbameinssjúklinga. Nefna má að Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfari og forstöðumaður Ljósins, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra, kynnti starfsemina. Þóra Halldórsdóttir var með Qingong-námskeið. Mætingar á þessa viðburði hafa verið misjafnar, allt frá þremur upp í rúmlega þrjátíu.

Frá september hefur verið að mestu föst dagskrá. Skrifstofa félagsins er opin þriðjudaga og fimmtudaga. Þá er opið hús en það eru fyrst og fremst konur sem koma. Þegar veður leyfir er farið í göngu og svo fáum við okkur kaffi og spjöllum eða förum jafnvel á kaffihús. Þegar ekki viðrar til göngu er bara spjallað og haft gaman. Sumar kvennanna hafa það sem fastan lið hjá sér að mæta alltaf til okkar.

Í nýliðnum Mottumars var nóg að gera. Byggingar voru lýstar upp bláar. Við vorum með fjáröflun fyrstu helgina í mánuðinum, settum upp söluborð í Nettó og Bónus, bjuggum til sultur, sem Nettó hafði gefið okkur hráefni í, seldum vörur sem félagið átti og öfluðum nýrra félaga. Allir hjálpuðust að við þetta og var það mjög skemmtilegt. Þá var haldinn súpufundur, sérstaklega ætlaður körlum. Á fundinn kom Hannes Ívarsson sem fékk krabbamein í blöðruhálskirtil. Hann fór í mál við ríkið því hann telur karla órétti beitta, konur fá mun meiri niðurgreiðslur vegna afleiðinga krabbameins en þeir. Hann sagði frá sér og leiddi umræður á fundinum og hvatti karla til að ræða málin sín á milli. Kynningar hafa verið haldnar í skólum og hjá félagasamtökum þar sem Krabbameinsfélag Suðurnesja er kynnt og svarað spurningum um það.

Sigríður Ingibjörnsdóttir.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar



Stofnað: 10. apríl 1949.

Félagsmenn: Um 480.

Netfang: krabb@isl.is Vefsíða: www.krabb.is/hafnarfjordur

Stjórn kosin á aðalfundi 27. apríl 2016:

Formaður: Anna Borg Harðardóttir, Skipalóni 18, 220 Hafnarfirði 664 5851 annaborg@hafnarfjordur.is

Varaformaður: Hafrún Dóra Júlíusdóttir

Gjaldkeri: Jón Auðunn Jónsson

Meðstjórnandi: Una Björk Harðardóttir

Meðstjórnandi: Gunnar Þór Jónsson

Meðstjórnandi: Magnús Gunnarsson

Meðstjórnandi: Ása Karin Hólm

Starfsemi 2015-2016

Á síðasta starfsári voru haldnir fjórir stjórnarfundir. Aðalfund félagsins í apríl 2015 sátu allir stjórnarmenn en enginn félagsmaður mætti þar fyrir utan.

Helstu verkefnin á liðnu starfsári voru vinna við forvarnarverkefni gegn munntóbaki í grunnskólum Hafnarfjarðar, þátttaka í aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands, fjárhagsstuðningur við ákveðin verkefni, bleiki mánuðurinn, skógarganga og mottumars.

Sérstakur stjórnarfundur var haldinn í janúar 2016 með Ásgeiri Theódórs vegna sepaskrárinnar sem Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar styrkti veglega árið 2011. Ásgeir fór yfir stöðuna á skránni og í stuttu máli þá er unnið í henni af fullum krafti hjá meltingarlæknum í Glæsibæ. Sepaskráin er eign Landspítalans en hann hefur enn sem komið er ekki verið að nýta sér hana að sögn Ásgeirs. Í gagnagrunni skrárinnar eru fimm þúsund einstaklingar.

Í maí 2015 afhenti Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar 500.000 krónur styrk til krabbameinssjúkra barna sem eru í meðferð á Barnaspítala Hringins. Peningurinn fór í rekstur á ísbirninum Hring sem kemur af og til yfir árið til barnanna og léttir þeim lífið og tilveruna á meðan á spítaladöl þeirra stendur.

Þann 22. september 2015 sátu Anna Borg, formaður, Hafrún Dóra Júlíusdóttir, varaformaður og Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðar, fund með bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Haraldi L. Haraldssyni, sviðsstjóra fræðslu- og frístundajónustu Hafnarfjarðar, Magnúsi Baldurssyni, og fjármálastjóra skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Guðmundi Sverrissyni. Tilgangur fundarins var að upplýsa viðkomandi um forvarnarstarfið gegn munntóbaki í grunnskólum Hafnarfjarðar og kanna hvort bæjarfélagið gæti með einhverjum hætti greitt á móti félaginu, kostnað vegna fræðslunnar sem staðið hefur í nokkur ár og hefur svo sannarlega skilað sér í minni munntóbaksnotkun hafnfirskra unglunga í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Í stuttu máli þá var það samþykkt og mun bæjarfélagið greiða sem nemur 1.000 krónur á hvern nemanda í 8. bekk grunnskóla Hafnarfjarðar. Forvarnarfræðslan fór fram í janúar 2016 og gekk mjög vel að sögn skólustjóra grunnskóla Hafnarfjarðar. Að venju tók Jón Ragnar Jónsson, tónlistarmaður með meiru, að sér þessa fræðslu og heillaði börnin upp úr skónum með sinni skemmtilegu framsögn um þó alvarlegt mál.

Kvöldganga í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var farin þriðjudaginn 6. október 2015 á vegum Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Félagar úr Krabbameinsfélaginu og aðrir áhugasamir fjölmenntu í gönguna sem hófst við Gróðrastöðina Þöll, til að njóta skógarins í skjóli myrkurs og ganga saman í ævintýraljóma lukta. Gengið var um skóginn undir leiðsögn Steinars Björgvinssonar skógfræðings. Eftir gönguna var boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Pallar. Gangan tókst einstaklega vel og aldrei hafa jafn margir mætt í þessa árlegu göngu félagsins eða rúmlega 70 manns.

Í bleika mánuðinum stóðu Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Brjóstaheill-Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins fyrir sameiginlegu málþingi með áherslu á

brjóstakrabbamein kvenna og þá sérstaklega á BRCA. Yfirskrift þingsins var: „Viltu vita? “ Þingið var haldið 20. október 2015 hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð.

Að venju fór Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar í samstarf við bæjarstjóra og starfsmenn Hafnarfjarðarkirkju til að minna bæjarbúa á mikilvægi bleika mánaðarins. Fáni með bleiku slaufunni blakti út mánuðinn á fánastöng Ráðhússins og Hafnarfjarðarkirkja var böðuð bleiku ljósi. Einnig tók framkvæmdasvið Hafnarfjarðar vel í þá hugmynd að lýsa upp Lækinn í október. Rætt var við fulltrúa verslana og þjónustu í Strandgötu til að minna bæjarbúa á bleika mánuðinn og hvetja þá til að draga fram liti og lýsingu í bleika litnum á bleika daginn þann 16. október.

Í mars 2016 hófst fjáröflunarátakið „Karlar og krabbamein, Mottumars“ á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Hafnarfjarðarfélagið hvatti stofnanir til að gera sér dagamun og minna á átakið gegn karlakrabbameini. Að þessu sinni tóku stjórnarmenn þá ákvörðun að standa ekki í árlegri sölu á mottumarsvörum þar sem ekkert nýtt var á boðstólnum og salan fyrir ári síðan með minnsta móti. Í staðinn var ákveðið að vera með í sölu á varningi, helst fjölnota innkaupapoka, í september 2016.

Stjórn Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar samþykkti á stjórnarfundi 9. mars 2016 að styrkja félag sem vinnur með krabbameinssjúklingum. Fyrir valinu varð Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Skokkhópur Hauka í Hafnarfirði hafði samband við formann Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar og upplýsti að það yrði Mottumarshlaup í byrjun apríl á þeirra vegum og myndi allur ágóði ganga til félagsins. Sú upphæð fer öll til Krafts og mun Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar bæta við upp í fimmhundruð þúsund krónur til styrktar starfsemi Krafts og þá í svokallaðan neyðarsjóð Krafts. Sjóðurinn er eingöngu ætlaður til að standa straum af læknis- og lyfjakostnaði. Fulltrúum frá Krafti og Skokkhópi Hauka var sérstaklega boðið á aðalfundinn þann 27. apríl 2016 til að afhenda Krafti styrkinn.

Minningarkort félagsins eru seld á nokkrum stöðum og gefur það félaginu nokkrar tekjur. Þau er einnig hægt að fá á netinu hjá Krabbameinsfélagi Íslands.

Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar vill leggja sitt af mörkum til að hvetja fólk til að ástunda heilbrigða lífshætti og gerir það með því að vera sýnilegt í bæjarfélaginu og minna á þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni í þágu samfélagsins.

Anna Borg Harðardóttir.

Brjóstaheill – Samhjálp kvenna



Fullt nafn: Brjóstaheill – Samhjálp kvenna, til stuðnings konum sem greinast með brjóstakrabbamein. Stofnár: 1979 (sem formlegt félag sjálfboðaliða 2001). Formlegir félagsmenn eru um 50 en um 100 fá fundarboð. Netfang: samhjalp@krabb.is, vefsíða krabb.is/samhjalp, stuðningssími 898 1712.

Stjórn kosin á aðalfundi 29. október 2015:

Formaður: Brynja Björk Gunnarsdóttir, Klapparbergi 2, Reykjavík 894 7740 brynjagu@landspitali.is
Varaformaður: Anna Sigríður Arnardóttir
Ritari: Guðrún Sigurjónsdóttir
Gjaldkeri: Dóra Júlíussen
Meðstjórnandi: Hrefna Ingólfsdóttir
Meðstjórnandi: Ingveldur Geirsdóttir
Meðstjórnandi: Thelma Hólm Másdóttir

Starfsemi 2015-2016

Fræðslufundur/opið hús. Jólafundur var haldinn í nóvember. Gunnar og Þórir Auðólfssynir sérfræðingar í lýtalækningum á Landspítalanum héldu fræðsluerindið „Brjóstauppygging með eigin vef“.

Málþing um brjóstakrabbamein. Bleika málþingið um konur og krabbamein var haldið mánudaginn 20. október á vegum Brjóstaheilla – Samhjalpar kvenna, Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Þema málþingsins var „Viltu vita?“. Málþing um stökkbreytinguna BRCA1 og BRCA 2 og voru haldin mörg áhugaverð erindi um erfðir og krabbamein og að lifa með greiningu.

Kastað til bata. Samhjálp kvenna og Krabbameinsfélagið hafa unnið sameiginlega að verkefninu „Kastað til bata“ og nú er verið að undirbúa það í sjötta sinn. Dagana 4-6. maí bauðst 14 konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein að fara í laxveiði í Laxá í Kjós undir stjórn þrautreyndra veiðimanna sem leiðbeina konunum við veiðina. Einnig voru með í för konur frá Brjóstaheill – Samhjálp kvenna hópnum til stuðnings. Þessar ferðir hafa tekist með eindæmum vel og hafa konurnar haldið hópinn og stutt hver aðra áfram.

Ráðstefnur./ Europa Donna. Formaður sótti ráðstefnu Europa Donna 17.-19. október í París sem fjallaði m.a. um aðgengi kvenna að sérhæfðum brjóstamiðstöðvum og einstaklingshæfðri heilbrigðisþjónustu.

Erlent samstarf. Brjóstaheill – Samhjálp kvenna er aðili að Europa Donna og starfar með samtökunum. Við eigum einnig gott samstarf við norrænu brjóstakrabbameinssamtökin og munum halda norræna/alþjóðlega ráðstefnu hér á Íslandi í september nk. og er sú vinna í fullum gangi.

Veitt voru hvatningaverðlaun Brjóstaheilla í fyrsta sinn á aðalfundinum 2015 og þau hlaut Ingveldur Geirsdóttir blaðamaður á Morgunblaðinu fyrir að afhjúpa líkama sinn á forsíðu Morgunblaðsins 22. febrúar 2015, en hún hafði þá farið í brjóstánám vegna krabbameins, var í lyfjameðferð og einnig barnshafandi. Hún eignaðist stúlku í mars 2015.

Á síðasta aðalfundi voru Dóra Júlíussen og Sigurbjörg Þorleifsdóttir sæmdar gullmerki Brjóstaheilla – Samhjalpar kvenna fyrir störf í þágu kvenna sem greinst hafa með brjóstakrabbamein og sjálfboðaliðastörf. Úr stjórn gengu Ragnheiður Guðmundsdóttir og Jónína Jónsdóttir. Þær munu einbeita sér alfarið að verkefninu Kastað til bata.

Brynja Björk Gunnarsdóttir.

Framför

Stofndagur: 12. febrúar 2007. Félagsmenn: 25.
Vefsíða framfor.is



Stjórn:

Formaður: Guðmundur Örn Jóhannsson
Gjaldkeri: Hinrik Greipsson
Meðstjórnandi: Einar Benediktsson
Meðstjórnandi: Hrafn Pálsson
Meðstjórnandi: Jón G. Ingvason

862 0537 framfor@framfor.is
892 3355 hinrik.greipsson@slr.stjr.is

Kraftur

Fullt nafn: Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Stofndagur: 1. október 1999. Félagsmenn: Um 550.
Netfang kraftur@kraftur.org, vefsíða www.kraftur.org



Stjórn Krafts, kosin á aðalfundi 20. apríl 2016:

Formaður: Hulda Hjálmarsdóttir
Varaformaður: Ástrós Rut Sigurðardóttir
Meðstjórnandi: Bóel Hjarta
Meðstjórnandi: Ólafur Einarsson
Meðstjórnandi: Þórir Ármann Valdimarsson
Varamenn: Kristín Þórsdóttir og Magnús Sigurbjörnsson

Starfsemi 2015-2016

Stjórn o.fl. Nokkrar breytingar áttu sér stað á stjórn Krafts á aðalfundi félagsins þann 20. apríl sl. Svanhildur Ásta Haig, Salvör Sæmundsdóttir og Jenný Þórunn Stefánsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Starfsmenn. Starfsmaður Krafts er Ragnheiður Davíðsdóttir, sem hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá 1. september 2013. Edda Margrét Guðmundsdóttir er sálfræðingur félagsins en hún hefur sagt starfi sínu lausu í sumar. Enn á eftir að ráða nýjan sálfræðing. Sálfræðingur sér um Stuðningsnet Krafts og sálfræðipjónustu við félagsmenn Krafts og skjólstæðinga Ráðgjafarþjónustunnar. Starfsmaður ungliðahóps Krafts, Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna (SKB) og Ljóssins er Kristján Friðriksson. Starfsmaður Fítónskrafts er Atli Már Sveinsson, íþrótafræðingur.

Stuðningsnetið. Á síðasta ári voru haldin námskeið fyrir nýja stuðningsfulltrúa á Ísafirði og Akureyri og ætlunin er að halda slíkt námskeið einnig á Egilsstöðum á þessu ári. Þá var haldið eitt stuðningsfulltrúa-námskeið í Reykjavík. Alls bættust 22 nýir stuðningsfulltrúar í stuðningsnet Krafts á síðasta ári. Sálfræðipjónusta Krafts hefur aukist mikið og veitti sálfræðingur félagsins 64 sálfræðiviðtöl á síðasta starfsári Krafts. Ráðist var í útgáfu á bæklingum auk annars konar kynningarefnis og hélt sálfræðingur, ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarfólki, kynningarfundum með starfsfólki á geisla- og krabbameinsdeildum Landspítalans þar sem Kraftur kynnti starfsemi sína og þjónustu. Starfsfólk þessara deilda, sem allar tengjast krabbameini á einn eða annan hátt, hyggst afhenda nýgreindum einstaklingum kynningarefnið í sérmerktum pokum frá Krafti með slagorðunum „Sigrumst á því saman“. Pokinn inniheldur bókina Lífskraft, þrjá bæklinga yfir almenna starfsemi félagsins, Fítónskraft og Stuðningsnetið. Þá er gjafakort á sérmerktan bol frá Krafti auk nýjasta tölublað Krafts-blaðsins.

Heimasíða og samfélagsmiðlar. Reglulega er settar fréttir, myndir og fróðleikur inn á www.kraftur.org. Ný heimasíða var tekin í notkun árið 2014 sem hefur fallið í góðan jarðveg. Facebooksíða Krafts er talsvert mikið notuð og skrá félagsmenn sig gjarnan á viðburði félagsins á síðunni. Nú eru fylgjendur Facebook-síðu félagsins um 3.600 að tölu. Þá hefur félagið sett á laggirnar Facebook-síðu Fítónskrafts þar sem fréttir eru reglulega settar inn og tilkynningar um starfsemina. Auk þess eru sérstakar Facebook-síður starfræktar á vegum Ungliðahópsins og Stuðningsnetsins. Þá er félagið einnig á Instagram, Twitter og Snap Chat.

Útgáfumál. Bókin Lífs-Kraftur, hagnýtar upplýsingar fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur, nýtur alltaf jafn mikilla vinsælda og er regluleg eftirspurn eftir henni í heilbrigðiskerfinu og víðar. Krafts-blaðið var gefið út síðasta vor og var blaðið að koma út nú í maí fyrir þetta ár. Það kemur nú einungis út einu sinni á ári, að vori.

Fjármál og styrkir. Efnahagur Krafts er traustur. Reykjavíkumaraþon var haldið í ágúst. Heildarafrakstur af áheitum einstaklinga færðu félaginu um 1,7 milljónir króna. Þá seldi Kraftur konfekt fyrir jólin sem gaf félaginu umtalsverðar tekjur. Auglýsingar og styrktarlínur voru seldar í blaðið og stóð sú sala undir kostnaði þess og gott betur. Ýmsir aðilar styrktu starfsemina auk þess með beinum og óbeinum hætti. Neyðarsjóður Krafts hefur nú úthlutað þrisvar sinnum til alls átta manns. Styrkir eru einungis veittir til að standa straum af lækni- og lyfjakostnaði. Alls hefur verið úthlutað um 2,4 milljónum til þessara átta einstaklinga. Nú stendur yfir fjárflyun sem sérstaklega er ætluð í Neyðarsjóð Krafts en ástand og horfur í greiðsluþáttökumálum sjúklinga gefa tilefni til að ætla að þörf sé á slíkum neyðarsjóði enn um sinn.

Viðburðir. Sumargrill Krafts var haldið í júní í Guðmundarlundi í Kópavogi og mættu um 80-100 manns. Vísindaferðir Krafts eru vinsælar meðal háskólanema en í þeim er starfsemi Krafts kynnt, sérstaklega fjallað um stuðningsnetið auk þess sem fenginn er fagmaður úr viðkomandi grein til að miðla af reynslu sinni. Í byrjun desember var haldin jólastund félagsins. Þar mætti Jón Gnarr og las upp úr bók sinni og Jón Jónsson skemmti viðstöddum auk þess sem dregið var í veglegu happdrætti. Alls mættu um 120 manns sem er metþátttaka til þessa. Í byrjun þessa árs var var farið af stað með svoköllum kaffihúsakvöld þar sem ungt krabbameinsgreint fólk og aðstandendur þess hittast og ræða málin á óformlegan hátt. Haldin hafa verið tvö slík kvöld og virðist þessi nýjung lofa góðu.

#Share your scar Í janúar á þessu ári stóð Kraftur fyrir miklu átaki/vitundarvakningu um krabbamein og ungt fólk sem bar yfirskriftina „Share your scar“. Hugmyndin kom frá systurfélögum Krafts á hinum Norðurlöndunum. Félagið birti myndir af tíu einstaklingum sem stígu fram og deildu örunum sínum sem þeir hlutu vegna krabbameinsmeðferðar. Með þessu vildi Kraftur leggja áherslu á mikilvægi þess að fólk sé ófeimið að opinbera örin sín og deila sinni reynslu. Örin eru ekkert sem við þurfum að skammast okkar fyrir, þau eru vitnisburður um sigra okkar. Myndirnar birtust á samfélagsmiðlum, í sjónvarpi, strætóskýlum og plakötum um allan bæ og landsmenn hvattir að leggja málefnið lið með því að birta örin sín og deila af reynslu sinni. Undirtektirnar voru frammar okkar björtustu vonum og lögðu landsmenn átakinu lið með því að deila myndum á samfélagsmiðlum og segja frá sinni reynslu. Átakið endaði síðan með örráðstefnu í Stúdentakjallaranum sem bar yfirskriftina „Sigrumst á því saman“, þar sem reynsluboltar deildu af reynslu sinni sem krabbameinsgreindir eða aðstandendur. Mikil fjölmiðlaumfjöllun varð um átakið og fjöldi manns gekk til liðs við Kraft í kjölfarið. Ljóst er að þetta átak Krafts hefur skilað sér í mikilli kynningu á félaginu sem mun auðvelda mjög fjárflyun í framtíðinni.

Ragnheiður Davíðsdóttir.

Ný rödd

Fullt nafn: Ný rödd, samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.
Stofndagur: 20. desember 1980. Félagsmenn: Um 20.
Netfang: nyrodd@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/nyrodd



Stjórn kosin á aðalfundi 3. mars 2015:

Formaður: Ragnar Davíðsson, Gnoðavogi 74, 104 Reykjavík 693 1426 ragnar@rikiskaup.is
Meðstjórnandi: Jón Erlendur Guðmundsson
Meðstjórnandi: Stefán Kr. Sverrisson

Starfsemi 2015-2016

Ný rödd er stuðningsfélag þeirra sem misst hafa raddbönd og barkakýli vegna krabbameins. Heimsóknir til sjúklunga fyrir og eftir aðgerðir og jafningjafræðsla eru fastir liðir í starfseminni, en gott samstarf hefur tekist á milli félagsins og háls-, nef- og eyrnadeildar Landspítalans, sem og talmeinafræðinga. Félagsgundir eru haldnir með líku sniði og fyrri ár og fundað að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ný rödd hefur notið velvildar krabbameinsfélaganna og tekið þátt í formannafundi og aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

Fulltrúar frá Nýrri rödd hafa í gegnum tíðina sótt norrænnar ráðstefnur systurfélaga sinna á Norðurlöndum þar sem kynntar eru helstu nýjungar í hjálpartækjum barkakýlisláusra auk þess sem rætt er um framfarir í lækningum og aðgerðum sem vænta má á næstu árum.

Á aðalfundi í mars 2015 var samþykkt að sækja um aðild að Öryrkjabandalagi Íslands sem var samþykkt á aðalfundi ÖBÍ í október sama ár og er Ný rödd nú aðili að þeim samtökum.

Ragnar Davíðsson.

Ristilfélagið

Stofndagur: 30. júní 2009.
Félagsmenn: Um 65.
Vefsíða: krabb.is/ristilfelagid



Stjórn kosin á aðalfundi 3. mars 2015:

Formaður: Páll Sævar Guðjónsson 897 8103 psg@tandur.is
Meðstjórnandi: Gunnhildur Sigurðardóttir
Meðstjórnandi: Helena Eydís Ingólfssdóttir
Meðstjórnandi: Magnea Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi: Þorleifur Guðmundsson

Stómasamtök Íslands

Stofndagur: 16. október 1980. Félagsmenn: 300.
Netfang: stoma@stoma.is
Vefsíða: www.stoma.is



Stjórn kosin á aðalfundi 2015:

Formaður: Jón Porkelsson, Miðvangi 121, 220 Hafnarfirði

696 4395 jon@hyggir.is

Meðstjórnandi: Eva Bergmann

Meðstjórnandi: Inger Rós Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Kristján Freyr Helgason

Meðstjórnandi: Sigurður Jón Ólafsson

Starfsemi 2015-2016

Starfsárið var með hefðbundnu sniði hjá félaginu. Haldnir voru sex almennir félagsfundir á starfsárinu og voru þeir sem hér segir: Almennir félagsfundir voru haldnir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði frá október til apríl að janúarmánuði undanskildum. Almennur fundur var haldinn á Akureyri í febrúar. Aðalfundur félagsins var síðan haldinn í maí eins og lög félagsins segja til um. Ungir stómaþegar hittust nokkrum sinnum óformlega yfir árið.

Innlent samstarf. Stjórnarmenn sóttu fundi í nefndum og ráðum innan Krabbameinsfélags Íslands eftir því sem efni og ástæður gáfu tilefni til. Tveir fulltrúar okkar voru síðan á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands. Einnig á formaður sæti í stjórn Krabbameinsfélagsins og fjáröflunarráði þess. Þrír fulltrúar samtakanna sóttu aðalfund Öryrkjabandalagsins. Einnig var formaður samtakanna kosinn til setu í kjörnefnd Öryrkjabandalags Íslands fimmta árið í röð. Einnig var hann kosinn í nefnd til endurskoðunar á úthlutunarreglum vegna styrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands. Haldinn sameiginlegur fundur með CCU-samtökunum í apríl. Nokkrir úr Stómasamtökunum hittu hópa af heilbrigðisstarfsfólki og fræddu þá um stóma og ummönnun þess. Einnig var í janúar haldinn fundur með læknum og hjúkrunarfræðingum af deild 12G á Landspítalanum og var það tímabær fundur og tókst mjög vel með gagnlegum skoðanaskiptum.

Erlent samstarf. Tvær sendingar af afskrifuðum stómavarningi fóru til Úkraínu en það varð mögulegt aftur eftir tafir á sendingum vegna ástandsins þar. Einnig aðstoðuðum við sænsku samtökin (ILCO) við starf í Zimbabwe en Svíar eru þar með hjálparstarf í gangi. Formaður samtakanna var áfram í stjórn Evrópusamtakanna, EOA, og tók þátt í stjórnarstörfum. Norrænn formannafundur var haldinn í Kaupmannahöfn og tókst mjög vel. Þrír fulltrúar frá Stómasamtökunum tóku þátt.

Útgáfumál. Fréttablað Stómasamtakanna var gefið út samkvæmt venju, kom út fimm sinnum og er sem fyrr undir ritstjórn Sigurðar Jóns Ólafssonar. Fréttabréfin er einnig að finna á pdf-formi á heimasíðu samtakanna, www.stoma.is. Endurhönnun á heimasíðunni lauk á starfsárinu og þótti takast mjög vel. Smávægileg fínþússning á verkinu er ennþá eftir en heimasíðan lítur mjög vel út og ætti hún að nýtast vel á næstu árum.

Almennt. Í lok starfsársins voru félagsmenn um 300 talsins, flestir á höfuðborgarsvæðinu en einnig er stór hópur virkur á Eyjafjarðarsvæðinu. Fjárhagur félagsins er ágætur í lok starfsársins. Ítrekað hefur verið reynt að fá styrki til starfseminnar víða að en það gengur mjög illa nema kannski helst á hefðbundnum slóðum innan Krabbameinsfélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands.

Jón Porkelsson.

Styrkur

Fullt nafn: Styrkur, samtök krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra.
Stofndagur: 20. október 1987. Félagsmenn: Um 350.
Netfang: styrkur@krabb.is Vefsíða: www.krabb.is/styrkur



Stjórn kosin á aðalfundi 13. apríl 2015:

Formaður: Steinunn H. Friðriksdóttir, Austurströnd 12, 170 Seltj. 896 5808 5525058@internet.is
Varaformaður: Hólmfríður Friðriksdóttir, Melseli 6, 109 Rvk.
Meðstjórnandi: Bryndís Konráðsdóttir
Meðstjórnandi: Snorri Ingimarsson
Meðstjórnandi: Erna Nielsen
Meðstjórnandi: Þrúður Hjaltadóttir

Starfsemi 2015-2016

Formaður og varaformaður sátu aðalfund Krabbameinsfélags Íslands í maí og formannafund í Reykjavík í október. Fjáröflun var í september með aðstoð Lionsfélaga í Eir. Salan gekk vel, seldir voru pennar og innkaupapokar með merki Krabbameinsfélagsins. Jólakort með myndum eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur voru seld í desember.

Fundir eru haldnir annan mánudag í mánuði (september-maí) kl. 17:00. Jólafundur var í desember og þorablót í mars. Félagar í Styrk taka þátt í sæluviku í ágúst á Löngumýri í Skagafirði.

Steinunn Helga Friðriksdóttir.

Lög Krabbameinsfélags Íslands

1. gr. Nafn og skilgreining.

Félagið heitir Krabbameinsfélag Íslands. Aðild að því eiga krabbameinsfélög í landinu og önnur áhugamannasamtök sem starfa í samræmi við tilgang félagsins og hlotið hafa samþykki stjórnar þess og staðfestingu aðalfundar.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er að styðja og efla í hvítvetna baráttuna gegn krabbameini, svo sem með því að:

1. Beita sér fyrir virkri opinberri stefnu (krabbameinsáætlun) í forvörnum, greiningu, meðferð og endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein.
2. Stuðla að þekkingu og menntun um krabbamein og krabbameinsvarnir.
3. Efla krabbameinsrannsóknir, m.a. með söfnun og vísindalegri úrvinnslu upplýsinga og með rekstri vísindasjóðs.
4. Beita sér fyrir leit að krabbameini á byrjunarstigi.
5. Styðja framfarir í meðferð krabbameins og umönnun krabbameinssjúklinga.
6. Beita sér fyrir stuðningi við krabbameinssjúklinga og aðstandendur.
7. Vera málsvari krabbameinssjúklinga og beita sér fyrir réttindum þeirra.

3. gr. Stjórnun.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar, sem haldinn skal fyrir maílok ár hvert. Boða skal til hans bréflaga með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrslur aðildarféлага.
4. Lagabreytingar.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
7. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd.
8. Önnur mál.

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands fulltrúarétt á aðalfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin er skipuð sjö aðalmönnum og tveim til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til vara til eins árs í senn. Við skipan stjórnar skal þess gætt að fulltrúar séu bæði frá svæðafélögum og stuðningshópum. Miðað er við að stjórnarmenn sitji að jafnaði eigi lengur en fjögur kjörtímabil í senn. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund kýs stjórnin úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Formaður boðar til stjórnarfunda að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundur skal kalla saman ef þrír stjórnarmenn eða fleiri óska þess.

Formannafundur skal að jafnaði haldinn í október. Þar skulu kynnt þau málefni sem unnið er að á vegum félagsins á hverjum tíma. Tillögur samþykktar á formannafundi skulu vera bindandi fyrir stjórn, enda skulu þær hljóta meirihluta greiddra atkvæða þeirra sem hefðu haft atkvæðisrétt á síðasta aðalfundi.

4. gr. Rekstur.

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem ber ábyrgð á rekstri félagsins gagnvart stjórninni, samkvæmt starfslýsingu.

Stjórnin setur reglur um starfsemi félagsins.

5. gr. Fjármál.

Aðildarfélög skulu hafa samráð við stjórn áður en stofnað er til meiri háttar fjáröflunar.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr. Lagabreytingar.

Tillögur um lagabreytingar skulu sendar formanni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund. Skulu þær kynntar í fundarboði.

Til breytinga á lögum félagsins þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögnum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins skv. 2. grein.

7. gr. Félagsslit.

Til að leggja félagið niður þarf samþykki tveggja aðalfunda í röð og séu félagsslitin samþykkt með a.m.k. 4/5 greiddra atkvæða á hvorum fundi. Geta skal sérstaklega áforms um félagsslit í fundarboði.

Verði félagið lagt niður skal eignum þess ráðstafað til líkningarstarfa í samráði við heilbrigðisráðuneytið. Því ákvæði má aldrei breyta.

Lögin í heild voru samþykkt á aðalfundi 6. maí 2000, breyting á 3. grein (uppstillingarnefnd) á aðalfundi 3. maí 2003 breyting á 2. grein (vísindasjóður) og 3. grein (formannafundur) á aðalfundi 7. maí 2005 og breyting á 2. gr. (1., 6. og 7. töluliður) á aðalfundi 7. maí 2011.

Prentsmiðjan Oddi.

Maí/október 2016.

